


Snjóflóð á Íslandi veturinn 2022–2023

Hulda Rós Helgadóttir
Sigurdís Björg Jónasdóttir
Óliver Hilmarrsson



Skýrsla

Ví 2024

2024-010

Snjóflóð á Íslandi veturinn 2022–2023

Hulda Rós Helgadóttir
Sigurdís Björg Jónasdóttir
Óliver Hilmarsson

Lykilsíða

Skýrsla nr. VI- 2024-010	Dags. Júní 2024	ISSN 1670–8261	Dreifing: Opín <input checked="" type="checkbox"/> Lokuð <input type="checkbox"/>
			Skilmálar:
Heiti skýrslu: Snjóflóð á Íslandi veturinn 2022–2023			Upplag: 10 Fjöldi síðna: 93 Framkvæmdastjóri sviðs: Matthew J. Roberts
Höfundar: Hulda Rós Helgadóttir, Sigurdís Björg Jónasdóttir og Óliver Hilmarsson.			Verkefnisstjóri: Óliver Hilmarsson Verknúmer: 4351-0-0001
Gerð skýrslu/verkstig:			Málsnúmer: 2024-0296
Unnið fyrir:			
Samvinnuaðilar:			
Útdráttur: <p>Veturinn 2022–2023 féllu mörg merkileg snjóflóð. Óvissustigi vegna snjóflóða var lýst yfir tvisvar sinnum yfir veturinn og umfangsmestu rýmingar vegna snjóflóðahættu í sögu landsins voru á Austfjörðum í lok mars. Mikið rigndi á Austurlandi í nóvember og lýstu Almannavarnir yfir óvissustigi þar vegna skriðuhættu. Desembermánuður var óvenjukaldur um allt land og um miðjan mánuðinn grófst yfirborðshrím undir snjó á norðanverðu landinu. Þetta hrím myndaði viðvarandi veikt lag og er talið að mörg stór snjóflóð, bæði náttúruleg og af mannavöldum, hafi fallið á þessu lagi. Á jólanótt féll snjóflóð ofan við bæinn Garða í Mýrdal og lenti á bílum sem færðust stuttan spöl með flóðinu. Fyrri hluti janúarmánaðar var kaldur og þurr en kuldatíðinni lauk þann 20. og var umhleyppingasamt það sem eftir var mánaðar. Í hláku þann 26. janúar féll krapaflóð í Stekkagili ofan Patreksfjarðar. Flóðið slettist upp á götur í bænum og lenti á húsum og bílum en olli ekki teljandi tjóni. Febrúar var umhleyppingasamur en mars var kaldur og voru norðaustlægar áttir ríkjandi nánast allan mánuðinn. Snemma morguns þann 27. mars hófst mikil snjóflóðahrina þurra, hraðfara snjóflóða á Austfjörðum í kjölfar ákafrar snjókomu og hvassviðris. Nokkur stór snjóflóð féllu fyrir ofan Neskaupstað og féll eitt þeirra á fjölbýlishús. Ekki var búið að rýma húsin en enginn slasaðist alvarlega. Flóðið olli miklu tjóni á húsum og bílum. Stund milli stríða var 28. mars en næstu daga á eftir féllu stór snjóflóð ofan Neskaupstaðar og víðar á Austfjörðum í einni mestu snjóflóðahrinu sem vitað er um á þessum landshluta. Gripa þurfti til fjölmargra rýminga sem náðu til fimm þéttbýla: Seyðisfjarðar, Neskaupstaðar, Eskifjarðar, Fáskrúðsfjarðar og Stöðvarfjarðar. Þessi hrina sannaði mikilvægi varnarvirkja fyrir ofan byggð. Skráð snjóflóð af mannavöldum þennan vetur voru 28 og snjóflóð á vegi voru 63.</p>			
Lykilorð: Snjóflóð, snjóalög, tíðarfar, snjóflóðaaðstæður, snjódýptarmælingar, snjóflóðavakt, snjóflóðahrinur, snjóflóðaannáll, annáll			Undirskrift framkvæmdastjóra sviðs: 
			Undirskrift verkefnisstjóra: 
			Yfirfarið af: ÓH

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	6
Myndaskrá	7
Töfluskrá	8
1 Inngangur	9
2 Ársyfirlit ofanflóðavaktar	9
2.1 September.....	9
2.2 Október.....	11
2.3 Nóvember.....	11
2.4 Desember	11
2.5 Janúar	13
2.6 Febrúar	14
2.7 Mars	15
2.8 Apríl	17
2.9 Maí	18
2.10 Júní	18
2.11 Júlí.....	19
2.12 Ágúst	19
3 Snjóflóðayfirlit og vöktun snjóflóðahættu	19
3.1 Skráning snjóflóða	19
3.2 Snjóflóðahrinur vetrarins	20
3.3 Óvissustig og rýmingar	21
3.4 Snjóflóð á vegi	22
3.5 Snjóflóð af mannavöldum	24
3.6 Snjódýptarmælingar	27
4 Helstu snjóflóð vetrarins.....	29
4.1 Reynishverfi, Mýrdal	29
4.2 Hlíðarhryggur í Hlíðarfjalli	32
4.3 Miðhryggsgil í Önundarfirði.....	33
4.4 Ólafsfjarðarvegur	35
4.5 Dýjadalur.....	37
4.6 Stekkagil, Patreksfirði.....	41
4.7. Nesgil, Neskaupstað.....	44
4.8. Drangagil, Neskaupstað	47
Heimildir	51
Viðauki I. Snjódýptarmælingar	52
Viðauki II. Stærðarflokkun snjóflóða	55
Viðauki III. Skráð snjóflóð veturinn 2022–2023	56

Myndaskrá

Mynd 1. Grjótskriða kom úr Hádegishorni í Súgandafirði þann 3. september.	10
Mynd 2. Sprungan í Óshyrnu.	10
Mynd 3. Aurskriðan úr Kræðufjalli sem lokaði Grenivíkurvegi þann 18. nóvember.	11
Mynd 4. Yfirborðshrím á Fjallabaki.....	12
Mynd 5. Snjóflóð sem féll á bíla við Garða í Mýrdal á jólanótt.	12
Mynd 6. Efni úr krapaflóði á Patreksfirði þann 26. janúar 2023 sem kastaðist upp úr farvegi og á nærliggjandi hús.	13
Mynd 7. Stór krapaflóð féllu í Hestfirði um miðjan febrúar í kjölfar hlýinda og úrkomu. Ljósmyndari óþekktur.	14
Mynd 8. Skjáskot úr myndbandi af snjóflóði í Fjörðum þann 16. mars 2023. Spor eftir sleðamann sem setti flóðið af stað má sjá fyrir miðri mynd og ofan við brotstál flóðsins. Ljósmynd: Jens Þór Sigurðarson.....	15
Mynd 9. Snjóflóðin í Neskaupstað 27.mars voru efnislítill en voru með mikinn eyðileggingarmátt og fóru langt.	16
Mynd 10. Útlínur snjóflóðanna sem féllu á tímabilinu 27.-31. mars 2023 við Neskaupstað, litaðar eftir því hvaða dag flóðin féllu. Undir eru loftmyndir frá verkfræðistofunni Eflu sem teknar voru 1.apríl og eldri myndir frá Loftmyndum ehf.	17
Mynd 11. Nokkur krapaflóð féllu á Austfjörðum í lok mars og byrjun apríl í kjölfar hláku. Ljósmynd: Sævar Guðjónsson.....	18
Mynd 12. Snjódýpt á sjálfvirkum mælum á norðanverðum Vestfjörðum veturinn 2022–2023. 27	
Mynd 13. Útlínur snjóflóðsins að Görðum í Reynishverfi.....	30
Mynd 14. Snjóflóðið sem féll ofan við Garða færði til tvo bíla við útihúsin.	30
Mynd 15. Veðuraðdragandi snjóflóðsins í Reynishverfi. Myndin sýnir mælda úrkomu, hitastig, vindstyrk og vindátt á völdum stöðvum í nágrenninu.	31
Mynd 16. Útlínur snjóflóðsins í Hlíðarhrygg í Hlíðarfjalli.	32
Mynd 17. Veðuraðdragandi snjóflóðsins í Hlíðarfjalli. Myndin sýnir mælda úrkomu, hitastig, vindstyrk og vindátt á völdum stöðvum í nágrenninu.	33
Mynd 18. Útlína snjóflóðsins úr Miðhryggsgili í Öndarfirði.....	33
Mynd 19. Merkið sem radarinn nam frá snjóflóðinu úr Miðhryggsgili.	34
Mynd 20. Veðuraðdragandi snjóflóðsins í Miðhryggsgili. Úrkoma, hitastig, vindhraði og vindátt á völdum veðurstöðvum í nágrenninu.	34
Mynd 21. Útlína annars snjóflóðsins á Ólafsfjarðarveg.....	35
Mynd 22. Ólafsfjarðarvegur þegar búið var að moka í gegnum annað snjóflóðið.....	36
Mynd 23. Annað snjóflóðið lenti á stálpili við veginn.	36
Mynd 24. Veðuraðdragandi snjóflóðanna á Ólafsfjarðarvegi. Úrkoma, hitastig, vindhraði og vindátt á völdum veðurstöðvum í nágrenninu.	37
Mynd 25. Útlína snjóflóðsins í Dýjadal 38	
Mynd 26. Snjóflóðið féll úr báðum dalbotnum Dýjadals.....	39
Mynd 27. Snjóflóðið þrengdi sér út um gilkaftinn í botni dalsins.	39
Mynd 28. Snjóflóðið náði að Brimnesá.....	40

Mynd 29. Veðuraðdragandi snjóflóðsins í Dýjadal. Úrkoma, hitastig, vindhraði og vindátt á völdum veðurstöðvum í nágrenninu.....	41
Mynd 30. Útlína krapaflóðsins sem fell úr Stekkagili á Patreksfirði 26. janúar.....	42
Mynd 31. Flóðið slettist upp úr farvegi sínum á nokkrum stöðum.....	42
Mynd 32. Krapaflóðið átti upptök sín í um 170 m hæð í Stekkagili.....	43
Mynd 33. Krapaflóðið skall á íbúðarhúsi en olli ekki tjóni.....	43
Mynd 34. Veðuraðdragandi krapaflóðsins á Patreksfirði. Úrkoma, hitastig, vindhraði og vindátt á völdum veðurstöðvum í nágrenninu.....	44
Mynd 35. Útlína snjóflóðsins sem féll úr Nesgili 27. mars í Neskaupstað.....	45
Mynd 36. Snjóflóðið skall á tveimur fjölbýlishúsum, fór inn í íbúðir og stigagang og olli tjóni á nokkrum húsum.....	45
Mynd 37. Snjóflóðið kastaði til bílum og olli tjóni á þeim.....	46
Mynd 38. Snjóflóðið þann 27. mars. Flóðið olli miklu tjóni.....	46
Mynd 39. Veðuraðdragandi snjóflóðsins í Nesgili. Úrkoma, hitastig, vindhraði og vindátt á völdum veðurstöðvum í nágrenninu.....	47
Mynd 40. Útlína snjóflóðsins úr Drangagili ofan við Neskaupstað, 30.mars.....	48
Mynd 41. Snjóflóðið úr Drangagili.....	48
Mynd 42. Snjóflóðið lenti á varnarkeilum og þvergarði fyrir neðan.....	49
Mynd 43. Varnarvirki í Neskaupstað komu að góðum notum þegar snjóflóðið féll úr Drangaskarði.....	49
Mynd 44. Veðuraðdragandi snjóflóðsins í Drangagili þann 30. mars. Úrkoma, hitastig, vindhraði og vindátt á völdum veðurstöðvum í nágrenninu.....	50

Töfluskrá

Tafla 1. Fjöldi ofanflóðaskráninga (snjóflóð og skriður) eftir tegund frá 1. sept. 2022 til 31. ágúst 2023.....	19
Tafla 2. Óvissustig veturinn 2022–2023.....	22
Tafla 3. Rýmingar veturinn 2022–2023.....	22
Tafla 4. Snjóflóð sem féllu á og lokuðu vegum frá 1. september 2022 til 31. ágúst 2023 ásamt breidd og þykkt snjóflóðs á vegi í metrum.....	23

1 Inngangur

Annáll þessi nær yfir allar snjóflóðaskráningar frá 1. september 2022 til og með 31. ágúst 2023. Flest flóðanna eru skráð af starfsfólki Veðurstofunnar og Vegagerðarinnar og er ljóst að fjölmörg flóð falla á ári hverju án þess að eftir þeim sé tekið eða þau skráð. Allar tölur og talningar á flóðum miðast við ofanflóðagagnagrunn Veðurstofunnar þegar annállinn er gefinn út. Einhverjar breytingar gætu orðið eftir útgáfu annáls, t.d. ef fréttist af áður óþekktum flóðum.

Í annálnum er ársyfirlit með tíðarfari hvers mánaðar, samantekt á helstu snjóflóðum og skriðuföllum og öðru er viðkemur störfum Ofanflóðavaktar Veðurstofu Íslands. Síðan er ýtarlegri samantekt yfir snjóflóð vetrarins, snjóflóðaskráningar og snjóþýptarmælingar. Að lokum eru nokkur snjóflóð tekin sérstaklega fyrir og þeim gerð betur skil. Í viðauka III er listi yfir allar snjóflóðafærslur vetrarins sem eru skráðar í ofanflóðagagnagrunn Veðurstofunnar. Myndir sem ekki eru merktar myndatökumanni voru teknar af starfsmönnum Veðurstofunnar.

2 Ársyfirlit ofanflóðavaktar

Í þessum kafla er farið yfir helstu atburði eins og óveður, snjóflóð og skriðuföll, rýmingar og annað sem viðkemur störfum ofanflóðavaktar Veðurstofu Íslands. Hver mánuður er tekinn fyrir frá september 2022 til loka ágúst 2023.

2.1 September

September var hlýr og hægviðrasamur um næstum allt land, en meðalhitinn á Austfjörðum var þó víða undir meðallagi undanfarins áratugar. Dagana 24. og 25. september gekk mjög slæmt óveður yfir landið sem olli foktjóni, samgöngutruflunum og rafmagnsleysi á Norðaustur- og Austurlandi.

Rólegt var fyrri hluta mánaðarins en aðeins var tilkynnt um tvær grjótskriður. Grjótskriða féll úr Hádegishorni við Botn 2 í Súgandafirði í byrjun mánaðar. Við lok mánaðar gekk lægð yfir landið með mikilli úrkomu á vesturhelmingi landsins. Margar skriður féllu víða á Vestfjörðum í úrkomunni en auk þess féll skriða við Þverá í Vatnsfirði upp að sumarbústað.



Mynd 1. Grjótskriða kom úr Hádegishorni í Súgandafirði þann 3. september.

Sprungan í Óshyrnu var mæld í vettvangsferð starfsmanna Veðurstofunnar þann 1. september. Fyrstu athuganir voru gerðar árið 1954 en þá reyndist sprungan vera 30,1 m á lengd. Skipulagðar mælingar hófust árið 1982 en miðað við skráðar heimildir þá lengdist sprungan talsvert á þessum 28 árum eða um u.þ.b. 4 m. Nú er sprungan mæld reglulega með bandmælinum og er lengd hennar í dag í kringum 34-36 m (Mynd 2).



Mynd 2. Sprungan í Óshyrnu.

2.2 Október

Fyrri hluti októbermánaðar var úrkomusamur, sérstaklega á norðan- og austanverðu landinu, og voru norðlæggar áttir tíðar. Óveður gekk yfir landið þann 9. október með talsverðri úrkomu á norðaustanverðu landinu og snjókomu víða í byggð. Mánuðurinn var tiltölulega kaldur um allt land en þó var hlýtt í upphafi og enda hans. Kaldast var á Norðausturlandi en hlýrra á sunnanverðu landinu. Hægviðrasamt var seinni hluta mánaðarins.

Talsverð úrkoma var á austur- og norðurhelmingi landsins í byrjun október og féllu nokkrar aurskriður á Vestfjörðum. Þann 9. október gekk norðvestan hvassviðri og stormur yfir landið með rigningu, slyddu og snjókomu á norðurhelmingi landsins með töluverðri snjósöfnun til fjalla. Rauð viðvörðun var gefin út á Norðurlandi eystra vegna úrkomu og víðar á austurhelmingi landsins vegna vinds. Allnokkur snjóflóð féllu á Norðurlandi vegna þessa veðurs. Tíðindalítið var seinni hluta mánaðarins.

2.3 Nóvember

Nóvembermánuður var hlýr um allt land og var meðalhitinn á landsvísu sá hæsti sem mælst hefur í nóvember. Mjög úrkomusamt var á Austurlandi og var hann næst úrkomusamasti nóvembermánuður frá upphafi mælinga á Dalatanga. Snjólaust var að mestu á láglendi og vindur var við meðallag áranna 1991 til 2020. Hvassast var 23. og 24. daga mánaðarins.

Aurskriða lokaði Grenivíkurvegi um miðjan mánuðinn en tveir bílar keyrðu inn í skriðuna og bárust báðir bílarnir með skriðunni niður fyrir veg. Skriðan var um 200 m breið á veginum og um 1 m þykk en skriðan átti upptök sín ofarlega í Kræðufjalli (Mynd 3). Þann 19. nóvember féll skriða á veg á Tjörnesi og tvær aurspýjur féllu úr Bjólfi á Seyðisfirði 20. nóvember. Mikið rigndi á Austfjörðum í nóvember og lýstu Almannaþingir ríkislögreglustjóra yfir óvissustigi vegna skriðuhættu þann 23. nóvember. Því var aflétt þann 28. nóvember. Nokkur lítil snjóflóð voru tilkynnt í Súðavíkurhlíð undir lok mánaðarins.



Mynd 3. Aurskriðan úr Kræðufjalli sem lokaði Grenivíkurvegi þann 18. nóvember.

2.4 Desember

Desembermánuður var óvenju kaldur og var meðalhitinn langt undir meðaltali á öllu landinu. Þurrk var um mest allt land, óvenju þurrk á sumum stöðum. Víða mældist úrkoman í desember sú minnsta sem mælst hefur í áratugi. Yfirborðshrim myndaðist víða á landinu í frostatíð, mest á Norðurlandi og hálendinu.



Mynd 4. Yfirborðshrim á Fjallabaki.

Í desember féll töluvert af snjóflóðum um land allt, mest seinnipart mánaðar. Yfirborðshrim myndaðist víða á landinu í frostatíð sem grófst svo þegar snjóaði í hægum vindi 17. desember. Yfirborðshrimið varðveittist víða og myndaði viðvarandi veikt lag í snjónum og fannst það í snjógryfjum fram í janúar, mest á Norðurlandi og hálandinu. Flest snjóflóð í mánuðinum voru skráð á Tröllaskaga og í Eyjafirði. Dagana 18.-19. desember, bárust tilkynningar um snjóflóð víða að, frá Öräfum, Þrengslum, Blikdal í Esju, Neskaupstað, Siglufirði og á Ólafsfjarðarvegi. Þann 22. desember féll stórt náttúrulegt snjóflóð úr Hlíðarhrygg í Suðurdal, Hlíðarfjalli. Flóðið átti upptök undir klettum og rann um 1000 m niður dalinn, yfir vinsæla skíðaleið og yfir suðurhluta Reithóla. Stærð flóðsins var metin 3,5. Að auki féllu tvö snjóflóð af stærð 2 sama dag í Hlíðarfjalli úr brúninni ofan Strýtu. Skíðasvæðið var lokað þegar flóðin féllu.

Á jólanótt féll flóð af stærð 2,5 ofan við Garða í Reynishverfi. Flóðið lenti á bílum við íbúðarhúsið og færði þá til (Mynd 5). Annað lítið flóð féll 27. desember í Mýrdal ofan Höfðabrekku. Stórt flóð sem féll í Unadal, Skagafirði 23.-24. desember og drap 15 hross. Nokkur flóð féllu víða um land 26. desember eftir mikinn éljagang, t.d. í nágrenni Dalvíkur, í Fnjóskadal, í Fagradal og yfir veg í Arnarfirði.



Mynd 5. Snjóflóð sem féll á bíla við Garða í Mýrdal á jólanótt.

2.5 Janúar

Janúar 2023 var kaldasti janúarmánuður aldarinnar hingað til á landsvísu. Mjög kalt, bjart, þurrt og hægviðrasamt var fyrri hluta mánaðarins, sérstaklega á vesturhelmingi landsins. Kuldatíðinni lauk þann 20. janúar og var umhleyptingasamt það sem eftir var mánaðar.

Snjóflóð héldu áfram að falla á Norðurlandi í byrjun janúar. Þann 1. janúar settu vélsleðamenn af stað snjóflóð í Hlíðarfjalli með fjarbroti. Þeir voru að keyra á flata um 150–200 m frá brekku þegar snjóflóð féll í brekkunni. Fleiri flóð féllu í fjallinu í byrjun janúar, bæði af mannavöldum (skíða- og vélsleðamenn) og náttúruleg sem var vísbending um útbreiddan veikleika í snjóþekjunni. Einnig féllu náttúruleg snjóflóð í Eyjafirði og Tröllaskaga. Þann 8. janúar kom lægð að landinu sem olli norðan stórhrið á norðurhelmingi landsins. Lægðin hélt sig austan við landið og var viðvarandi ofankoma á norðan- og austanverðu landinu næstu daga. Fjölmörg snjóflóð féllu í þessu veðri, aðallega á Norðurlandi og Austfjörðum. Stór snjóflóð féllu yfir Ólafsfjarðarveg og í sjó fram. Þann 10. janúar féll snjóflóð af stærðinni 3 úr Miðhryggsgili við Flateyri. Flóðið stöðvaðist um 50 m ofan við veg og nam snjóflóðaratsjá við höfnina á Flateyri flóðið. Athuganir á snjóþekjunni á Tröllaskaga bentu til mikils veikleika og féllu nokkur flóð á norðanverðu landinu næstu daga. Dagana 16. og 17. janúar bætti á snjó á Austurlandi og féllu flóð í Eskifirði og úr Grænafelli yfir veginn um Fagradal. Einnig féll snjóflóð yfir veginn í Vattarnesskriðum. Þann 18. janúar var sprengt í Hlíðarfjalli og komu sprengingarnar af stað tveimur stórum snjóflóðum. Þann 19. janúar féll snjóflóð úr Bjólfsöxl í Seyðisfirði og yfir veg. Sama dag féllu nokkrar spýjur á Tröllaskaga og eitt meðalstórt snjóflóð í Héðinsfjarðardal.

Þann 20. janúar hlýnaði í veðri með talsverðri úrkomu ofan í nýlegan snjó. Fjölmörg snjóflóð féllu víða um land. Allnokkur stór snjóflóð féllu á Tröllaskaga þegar tók að hlýna og eitt mjög stórt flóð féll í Dýjadal. Á Vestfjörðum féllu víða snjóflóð, m.a. á veginn um Ragnadalshlíð og á veginn inn í Valþjófsdal. Einnig féllu snjóflóð yfir veg í Álftafirði á Snæfellsnesi. Draga tók úr úrkomunni aðfaranótt 21. janúar en nokkur snjóflóð féllu til viðbótar þann dag, flest þeirra á Austfjörðum og flest lítil eða meðalstór. Krapaflóð féll yfir veginn um Vattarnesskriður og snjóflóð féll yfir veginn í Mjóafirði. Einnig féllu tvö snjóflóð yfir veg í Patreksfirði. Þá féll flekaflóð ofan við fjárhúsið á Giljum í Mýrdal, þar rann flekinn af stað á auðri jörð

Þann 26. janúar gengu skil yfir landið með hlýindum og rigningu á sunnan- og vestanverðu landinu. Nokkur krapaflóð féllu á Vestfjörðum í þessu veðri, það stærsta úr Stekkagili (Geirseyrargili) á Patreksfirði. Flóðið fylgdi farvegi árinnað að mestu en kastaðist upp á götur í bænum og rann að húsvegg og inn í garða (mynd 6). Þann 31. janúar gekk lægð yfir landið með talsverðri úrkomu á sunnan- og austanverðu landinu og var þá tilkynnt um snjóflóð í Grænafelli í Fagradal sem náði niður á veg.



Mynd 6. Efni úr krapaflóði á Patreksfirði þann 26. janúar 2023 sem kastaðist upp úr farvegi og á nærliggjandi hús.

2.6 Febrúar

Febrúar var hlýr um allt land. Það var umhleypingasamt, sérstaklega fyrri hluta mánaðar. Febrúar var úrkomusamur á vestanverðu landinu en þurrari á Norðaustur- og Austurlandi. Töluverðir vatnavextir voru í ám í kjölfar leysinga um miðjan mánuðinn, sérstaklega um vestanvert landið.

Athuganir á Tröllaskaga í byrjun mánaðarins bentu til þess að snjóalög á svæðinu væru mjög veik.

Lægðir tóku að ganga í röðum yfir landið í febrúar með umhleypingum og snjóflóðavirkni. Snjóflóð féllu í byrjun mánaðarins yfir vegi utan við Suðureyri og í Dynjandisdal við Arnarfjörð. Þann 5. febrúar var óvissustigi lýst yfir á sunnanverðum Vestfjörðum vegna mikillar rigningar og hlýinda. Þann dag féll lítil krapaspýja í Stekkagili (Geirseyrargili) á Patreksfirði.

Aðfaranótt 9. febrúar gekk skammvinn hrið yfir Vestfirði og féllu þá fjölmörg snjóflóð í Súðavíkurlíð. Dagana 10. og 11. febrúar gengu tvær lægðir yfir landið með hlýindum og úrkomu. Allnokkur snjóflóð féllu í þessu veðri, flest þeirra lítil. Aftur gekk lægð yfir landið með hlýindum og talsverðri rigningu þann 13. febrúar og var tilkynnt um nokkur krapaflóð, votar spýjur og aurskriður á vestanverðu landinu. Stórt krapaflóð féll í Hestfirði í Ísafjarðardjúpi að kvöldi 13. febrúar sem náði niður á veg og var um 60 metra breitt á vegi (mynd 7). Þann 14. febrúar féll annað krapaflóð í Hestfirði sem var um 150–200 m breitt. Þann 19. febrúar gekk lægð yfir landið með snjókomu og éljagangi um allt land fram til 20. febrúar. Allnokkur flóð féllu í þessu veðri, aðallega á Norður- og Austurlandi. Fjölmörg flóð féllu á Norðurlandi þegar enn ein lægðin gekk yfir landið 22.–23. febrúar með snjókomu víða um land. Nokkrar sólbráðar spýjur eru skráðar næstu daga á eftir víða um land.



Mynd 7. Stór krapaflóð féllu í Hestfirði um miðjan febrúar í kjölfar hlýinda og úrkomu. Ljósmyndari óþekktur.

2.7 Mars

Mars var mjög kaldur um land allt og mældist kaldasti marsmánuður á landinu síðan 1979. Norðaustlægar áttir voru ríkjandi nánast allan mánuðinn og að tiltölu var kaldast á norðaustan- og austanverðu landinu. Óvenju þurr og sólríkt var á suðvestanverðu landinu. Mjög úrkomusamt var á Austfjörðum í lok mánaðar og töluverð snjóþyngsli. Fjöldi snjó- og krapaflóða féllu þar í lok mánaðar, þau stærstu í Neskaupstað og ollu þar miklu tjóni.

Hægviðri og kalt var á landinu fyrstu vikuna í mars en svo snérist vindur til norðaustlægrar áttar með snjósöfnun norðan- og austantil á landinu. Eftir miðjan mánuðinn höfðu myndast varasamar snjóflóðaaðstæður á Norðurlandi sem mátti sjá af aukinni tíðni snjóflóða. Þann 16. mars setti hópur skíðamanna af stað snjóflóð í Brimnesdal við Ólafsfjörð en tveir úr hópnum slösuðust. Sleðamenn settu af stað flóð af stærð 2,5 í Fjörðum en áhugavert myndband náðist af því og barst til snjóflóðavaktar (mynd 8). Nokkur stór flóð féllu á Tröllaskaga dagana 23. og 24. mars, m.a. flóð af stærð 4 í Skútudal þann 24. mars. Þann 26. mars settu beltahjólamenn af stað þrjú meðalstór snjóflóð í nágrenni Ólafsfjarðar (Burstabrekkudal, Reykjadal og Ytrafjalli). Fá flóð voru skráð á Austfjörðum á þessum tíma en eitt lítið flekaflóð féll innan skíðasvæðisins í Oddsskarði við Magnúsartind.



Mynd 8. Skjáskot úr myndbandi af snjóflóði í Fjörðum þann 16. mars 2023. Spor eftir sleðamann sem setti flóðið af stað má sjá fyrir miðri mynd og ofan við brotstál flóðsins. Ljósmynd: Jens Þór Sigurðarson.

Langvarandi norðlægar áttir með snjókomu, éljum og skafrenningi höfðu verið á Austfjörðum frá því snemma í mánuðinum. Seint um kvöldið 26. mars og aðfaranótt 27. mars kom lítil en kröpp lægðarbóla upp að Austfjörðum og uppúr miðnætti var skallið á með norðaustan stormi og ákafri snjókomu. Skömmu fyrir klukkan 6:00 um morguninn tilkynnti snjómokstursmaður í Neskaupstað um snjóflóð yfir veg og fram í sjó við Mána, rétt innan við byggðina. Flóðið kom úr Miðstrandargili og hefur fallið eftir kl. 5:15 þegar mokstursmaður fór um veginn en fyrir kl. 5:45 þegar komið var að því. Strax í kjölfarið var reitur 4 og Þrastarlundur rýmdur og frekari rýmingar undir Nes- og Bakkabili utarlega í Neskaupstað undirbúnar. Stuttu síðar eða kl. 6:58 barst tilkynning um flóð úr Nesgili sem fór á fjölbýlishús að Starmýri 17–19. Um svipað leyti eða mögulega á sama tíma féll flóð úr Bakkagili sem stöðvaðist ofan við byggðina. Fleiri flóð féllu þennan morgun ofan Neskaupstaðar. Flóð féll úr Ytra- og Innra-Tröllagili sem bæði fóru á tvær keiluraðir og féllu líklega skömmu fyrir kl. 6:00 þegar snjódýpt lækkaði skyndilega á snjódýptarmæli. Flóð féll úr Skágili sem olli mikilli eyðileggingu á skógrækt og fór jafnframt

yfir keilur og með miklu afli á þvergarðinn. Flóð féll úr Brynjólfsbotnagjá með langt úthlaup en kom fyrst í ljós 1. apríl í vettvangsferð starfsmanna VÍ.

Snjóflóð féllu víðar á Austfjörðum þann 27. mars. Á Seyðisfirði eyðilagðist húsið Glaumbær undir Bjólfsöxl. Í Mjóafirði féll flóð um kl 8:30 sem tók í sundur rafmagnslínu. Í Oddsskarði féll snjóflóð á lyftuskúrinn á barnasvæðinu. Fjölmörg fleiri flóð hafa fallið án þess að valda tjóni en þau höfðu svipuð einkenni, efnislítill með þunna og þurra flóðtungu en með langt úthlaup og kraftmikil.

Daginn fyrir þessa merkilegu snjóflóðahrinu hafði fjallaspáin verið færð á rauðan (mikil hættu) en óvissustigi var ekki lýst yfir fyrr en um morguninn 27. mars eftir að hrinan hófst og samfara hættustigi og rýmingum. Ásamt rýmingum í Neskaupstað var ráðist í rýmingar á Seyðisfirði og Eskifirði.




Mynd 9. Snjóflóðin í Neskaupstað 27.mars voru efnislítill en voru með mikinn eyðileggingarmátt og fóru langt.

Þann 28. mars gekk veðrið niður og hægt var að rekja ummerki flóðanna.

Þann 29. mars var skaplegt veður en þó féll flóð úr Skágili sem náðist á myndband og var birt á fréttasíðu RÚV. Seinnipartinn 29. mars tók veður að versna á ný á Austfjörðum þegar víðáttumikil lægð kom upp að landinu með norðaustan óveðri og mikilli úrkomu. Hlýrra var í þessari lægð, úrkoma breyttist í rigningu á láglandi og auk snjóflóðahættu skapaðist hættu á krapaflóðum. Mörg stór snjóflóð féllu ofan Neskaupstaðar og víðar á Austfjörðum í einni mestu snjóflóðahrinu sem vitað er um í þessum landshluta. Undir lokin féllu einnig mörg krapaflóð víða á Austfjörðum. Varnarvirki sönnuðu gildi sitt og hefðu sum flóðanna eflaust náð langt inn í byggðina eins og t.d. flóð úr Drangagili þann 30. mars sem fólk varð vitni að. Umfangsmestu rýmingum vegna ofanflóðahættu í sögu landsins sem hófust 27. mars, lauk 1. apríl en þær náðu til fimm þéttbýlisstaða: Seyðisfjarðar, Neskaupstaðar, Eskifjarðar, Fáskrúðsfjarðar og Stöðvarfjarðar.

Öll skráð snjóflóð sem féllu ofan við Neskaupstað í hrinunni eru teiknuð á mynd 10.



Mynd 10. Útlínur snjóflóðanna sem féllu á tímabilinu 27.-31. mars 2023 við Neskaupstað, litaðar eftir því hvaða dag flóðin féllu. Undir eru loftmyndir frá verkfræðistofunni Eflu sem teknar voru 1.apríl og eldri myndir frá Loftmyndum ehf.


2.8 Apríl

Tíðarfar var hagstætt í apríl og var mánuðurinn hægviðrasamur og hlýr á landinu öllu. Það kólnaði þó talsvert síðustu vikuna. Almenn var hlýjast inn til landsins suðvestan- og norðvestanlands en kaldast norðaustan- og austanlands. Austlægar vindáttir voru ríkjandi í mánuðinum. Snjócoma var almennt ekki mikil í mánuðinum en þó náði snjódýpt 11 cm í Reykjavík morguninn 27. apríl sem þykir fátítt á þessum árstíma.

Öllum rýmingum á Austfjörðum var aflétt þann 1. apríl eftir mikla snjóflóðahrinu í lok mars en óvissustig vegna ofanflóðahættu var áfram í gildi til 4. apríl. Hrinan hélt þó áfram til fjalla og féllu nokkur snjóflóð í byrjun mánaðar á Austfjörðum, þar á meðal stórt snjóflóð í austanverðu Svartafjalli í Oddsskarði. Það flóð náði yfir gamla veginn um Oddsskarð.

Þann 3. apríl voru nokkur lítil flóð skráð sem féllu í Skutulsfirði og þann 6. apríl féllu margar litlar spýjur í Siglufirði til fjalla. Þann 15. apríl voru einnig skráð lítil vot flóð í nágrenni

Siglufjarðar ásamt einu í Svarfaðardal. Þann 17. apríl féll síðan flóð í Héðinsfirði sem er síðasta skráða snjóflóð mánaðarins.



Mynd 11. Nokkur krapaflóð féllu á Austfjörðum í lok mars og byrjun apríl í kjölfar hláku. Ljósmynd: Sævar Guðjónsson

2.9 Maí

Maí var hlýrri en að meðallagi um allt land. Sólríkt, þurr og hlýtt var norðaustan- og austanlands en óvenju þungbúið og úrkomusamt var á vestanverðu landinu. Suðvestlægar áttir voru ríkjandi í mánuðinum og sérstaklega í lok mánaðar. Meira en tvöföld meðalúrkoma mældist í Reykjavík. Jörð var snjólaus allan maímánuð bæði í Reykjavík og á Akureyri en þó hélst snjór til fjalla út mánuðinn. Um miðjan mánuð gerði mikla snjókomu til fjalla á Norðurlandi og Vestfjörðum í norðanhrið og einnig við lok mánaðar í hvössum norðanáttum.

Þrátt fyrir snjókomu til fjalla í maímánuði voru ekki mörg snjóflóð skráð. Nokkrar spýjur féllu í Skútudal í Seyðisfirði þann 2. maí og lítið vott flóð féll í Skágili ofan Neskaupstaðar þann 31. maí. Þann 14. maí féll stórt grjót á veg um 2 km innan við Hrafnseyri í Arnarfirði. Í lok mánaðar var lítil aurskriða tilkynnt sem féll á Langahrygg við Kerhóla í Esjunni, einnig var lítil aurskriða tilkynnt sem fallið hafði af “gamla” stígnum í Esjunni yfir á þann nýja í brekkunni upp að Steini.

2.10 Júní

Júní var tiltölulega hlýr á austurhellingi landsins en nær meðallagi á suðvesturhorninu. Meðalhitamet voru slegin fyrir mánuðinn á Akureyri, Egilsstöðum og á Hallormsstað. Sérstaklega úrkomusamt var í Reykjavík og var mánuðurinn sá fimmti úrkomusamasti frá upphafi mælinga þar.

Lítið var um ofanflóð í júní en helst voru tveir atburðir sem ber að nefna. Þann 20. júní barst ofanflóðavakt tilkynning um skriður úr austanverðu Reynisfjalli og við greiningu á Sentinel gervitunglamyndum sást hvar veikleiki myndaðist í fjallinu. Skriðan var tilkynnd til Almannavarna en umferð fólks er almennt lítil um austanvert Reynisfjall. Þann 22. júní gerði mikla rigningu á suðausturhluta landsins og féll stórt grjót á veginn um Hvalnesskriður.

2.11 Júlí

Norðan- og norðaustanáttir voru ríkjandi í júlí og var fremur kalt norðan- og austalands. Á sunnan- og vestanverðu landinu var mjög þurrt og hlýrra að tiltölu en fyrir norðan. Á mörgum stöðvum mældist úrkoma innan við 10 mm á suðurhluta landsins og er það víða minnsta úrkoma sem vitað er af í mánuðinum. Úrkomumagn á norður- og austurhluta landsins var nærri meðallagi.

Þann 6. júlí bárust tilkynningar um grjóthrun í tengslum við skjálftavirkni á Reykjanesi. Þar var skráð grjóthrun við gönguleið á Þorbjörn ásamt grjóthruni í Festarfjalli. Þann 10. júlí komu í ljós hreyfingar á afmörkuðu svæði í Norðurbakka í Hlíðarfjalli. Hreyfingarnar voru á vinnuvegi sem notaður er til þess að þjónusta lyfturnar á skíðasvæðinu. Lítil skriða féll einnig í bakkanum ofan við Stromplyftu og er talið að þessar hreyfingar hafi orðið vegna leysinga. Lítið var um önnur ofanflóð í mánuðinum en í lok mánaðar var tilkynnt um skriðuföll á Ströndum ásamt grjóthruni við Brennisteinsöldu við Landmannalaugar í kjölfar jarðskjálfta.

2.12 Ágúst

Almennt var hlýtt á öllu landinu í ágúst nema fyrir austan og norðaustan. Óvenju hægvíðrasamt var í mánuðinum og úrkoma vel undir meðallagi fyrri part mánaðar. Mjög þurrt var fram eftir mánuðinum, sérstaklega á Norður- og Austurlandi. Á mörgum stöðum féll meirihluti mánaðarúrkomunnar á einum til tveimur sólarhringum seint í mánuðinum.

Lítið var um ofanflóðatengda atburði í ágúst. Landverðir á Fjallabaki færðu gönguleið við Grænegil í Landmannalaugum af öryggisástæðum þar sem mikið hrun var á gamla stígnum við brattan hraunkant.

3 Snjóflóðayfirlit og vöktun snjóflóðahættu

3.1 Skráning snjóflóða

Fyrir tímabilið 1. september 2022 til 31. ágúst 2023 eru 622 ofanflóðaskráningar í ofanflóðagagnasafni Veðurstofu Íslands. Í sumum tilfellum geta verið nokkur flóð í sömu skráningunni en þetta á sérstaklega við um litlar spýjur og ómerkileg flóð. Útlínur eru teiknaðar fyrir stærri og merkilegri flóð ef nægar upplýsingar eru til. Ef ástæða þykir til eru flóð GPS-mæld en útlínur geta einnig verið unnar út frá ljósmyndum eða minni þess sem sá flóðið. Yfirleitt eru ekki teiknaðar útlínur á flóðum sem eru minni en 2 á stærð (sjá viðauka II fyrir útskýringar) nema það teljist sérstakt á einhvern hátt. Tafla 1 sýnir heildarfjölda ofanflóðaskráninga þennan vetur og eru þau flokkuð eftir tegundum.

Tafla 1. Fjöldi ofanflóðaskráninga (snjóflóð og skriður) eftir tegund frá 1. sept. 2022 til 31. ágúst 2023

Tegund	Fjöldi
Snjóflóð	56
Þurrt flekahlaup	212
Vott flekahlaup	128
Flekahlaup*	12
Þurrt lausasnjóflóð	26
Vott lausasnjóflóð	93

Lausasnjóflóð*	1
Krapaflóð	41
Skriðflóð	3
Skriða	5
Aurskriða	24
Grjóthrun	13
Jarðvegsskriða	3
Krapaflóð og skriður	1
Skriðuföll	2

* Óskilgreint hvort snjóflóðin voru þurr eða vot

3.2 Snjóflóðahrinur vetrarins

Veturinn 2022–2023 voru skráðar níu snjóflóðahrinur. Þá er átt við mörg snjóflóð sem falla í sama veðrinu, stundum yfir nokkurra daga tímabil og yfirleitt í sama landshlutanum.

Snjóflóðahrina í Eyjafirði 9. – 11. október

Að morgni 9. október færðist lægð austur eftir suðurströnd landsins og norður með Austfjörðum. Lægðin beindi talsverðri ofankomu á norðanvert landið í norð- og norðaustanátt sem náði stormstyrk um tíma. Slydda eða rigning var í byggð en snjócoma til fjalla og var samfelld úrkoma þann 9. október. Á Ólafsfirði mældust yfir 70 mm á rúmum sólarhring. Smám saman dró úr vindi 10. október. Talsvert féll af snjóflóðum, flest vot, á Tröllaskaga og nokkur í Eyjafirði og á Látraströnd.

Snjóflóðahrina á Norðurlandi 20. desember – 5. janúar

Yfirborðshrim grófst í hægum vindi um miðjan desember og myndaði viðvarandi veikleika í snjónum sem varði um nokkra hríð. Norðaustlægar áttir voru ríkjandi á svæðinu í þessari hrunu og fyrir hana með ofankomu og vindstyrk yfir skafrenningsmörkum af og til. Allnokkur snjóflóð féllu víða á Norðurlandi, bæði af mannavöldum og náttúruleg. Sum flóðanna voru stór, eitt þeirra drap 15 hross í Skagafirði.

Snjóflóðahrina á Norðurlandi 8. – 10. janúar

Víðáttumikil lægð var suðaustan við land sem beindi allhvössum norðaustlægum áttum yfir landið með talsverðri ofankomu. Allnokkur snjóflóð féllu víða um land en flest á Norðurlandi þar sem veik lög voru fyrir. Tvö stór snjóflóð féllu yfir Ólafsfjarðarveg en flest flóðin í Ólafsfirði.

Krapaflóðahrina á sunnanverðum Vestfjörðum 26. janúar

Að morgni 26. janúar komu skil upp að landinu með talsverðri úrkomuákefð á vestanverðu landinu. Mikil rigning mældist á Patreksfirði um morguninn en tæplega 30 mm mældust á 5 klukkustundum. Mikil ákefð var frá því um kl. 5:30 til um kl. 10. Umhleyppingasamt hafði verið frá 20. janúar og hitastig flakkað sitt hvoru megin við frostmark. Þennan morgun fór hiti í fjallahæð á sunnanverðum Vestfjörðum yfir 6°C. Vindur var suð- og suðaustlægur. Lítill snjór var almennt til fjalla eftir umhleyppingar en snjór var í giljum og lægðum. Krapaflóð féllu á Bíldadal og Patreksfirði. Krapaflóðið á Patreksfirði flæddi yfir tvær götur og skall á íbúðarhúsi og skúr og færði bíl úr stað. Einnig féll snjóflóð á veginn um Raknadalshlíð sem lokaði veginum. Ein aurskriða féll í Arnarfirði og tvö krapaflóð eru skráð í Hnífsdal og ofan við Flateyri.

Krapa- og aurflóðahrina í Breiðafirði og Vestfjörðum 13. – 14. febrúar

Að kvöldi 12. febrúar komu skil upp að landinu með hlýju lofti langt suður úr hafi. Þessu fylgdi talsverð úrkoma á sunnan- og vestanverðu landinu og skörp hlýnun. Á Bíldadal mældust tæplega

60 mm frá kvöldi 12. febrúar fram á síðdegi 13. febrúar þegar dró úr úrkomu. Svipað en litlu minna mældist á Tálknafirði og Patreksfirði. Hiti í fjallahæð þar fór snögglega frá frostmarki í rúmlega 6°C. Fjölmargar aurskriður féllu á vestanverðu landinu, m.a. í Reykhólasveit, Dalasýslu og við Ísafjörð. Einnig féllu nokkur litil vot snjóflóð við Ísafirði. Allnokkur krapaflóð féllu í þessu veðri, m.a. á sunnanverðum Vestfjörðum, Dalasýslu og Ísafjarðardjúpi. Tvö stór krapaflóð féllu í Hestfirði löngu eftir að stytta upp.

Snjóflóðahrina á Tröllaskaga 23. – 25. mars

Víðáttumikil lægð var suður í hafi sem beindi norð- og austlægum áttum yfir landið þar sem vindur var yfir skafrenningsmörkum með viðloðandi ofankomu á Norðurlandi. Kalt var í veðri. Veik lög voru í snjóþekjunni og þessa daga féllu nokkur snjóflóð sem mörg urðu nokkuð stór. Mörg flóð féllu í Ólafsfirði, m.a. eitt sem féll í sjó fram, og í Siglufirði féll mjög stórt snjóflóð í Hestskarðshnjúki sem náði yfir dalbotn Skútudals og upp í hlíðina á móti. Að auki féllu nokkur snjóflóð af mannavöldum.

Snjóflóðahrina á norðanverðum Austfjörðum 27. mars

Frost og norðlægar áttir höfðu verið til fjalla nær allan marsmánuð og smám saman bætti á snjó á svæðinu. Vikuna áður höfðu verið viðvarandi norðaustlægar áttir, oft yfir skafrenningsmörkum. Þann 26. mars myndaðist litil lægð við landið sem færðist austur með landinu. Að kvöldi 26. mars hvessti snögglega og fór vindur fljótt yfir 20 m/s til fjalla, í N/NA-átt. Með þessu fylgdi talsverð ofankoma, í Neskaupstað mældust um 25 mm á nokkrum klukkustundum áður en úrkomumælirinn fór í snjóflóði rétt fyrir kl. 7. Draga tók úr úrkomu síðdegis 27. mars og smám saman dróg úr vindi með deginum. Í þessu úrkomuskoti féll fjöldi stórra þurra snjóflóða í Neskaupstað, Seyðisfirði og Mjóafirði. Snjóflóð lenti á fjölbýlishúsum í Neskaupstað og mannlausu húsi á Seyðisfirði. Flóð fóru á varnarvirki í Neskaupstað og yfir vegi á Austfjörðum. Umfangsmiklar rýmingar voru gerðar í Neskaupstað, Seyðisfirði og Eskifirði. Tjón varð á húsum, bílum og gróðri í þessari hrinu.

Snjóflóðahrina á norðanverðum Austfjörðum 29. mars – 1. apríl

Þann 29. mars kom víðáttumikil lægð að landinu. Lægðinni fylgdi hlýrra loft heldur en í hrinunni 27. mars en mikil ofankoma. Þann 30. mars jókst vindur og úrkoma og um 70 mm mældust á Eskifirði á einum sólarhning. Þann 31. mars hlýnaði enn frekar með áframhaldandi úrkomu en svo tók veðrið að ganga niður 1. apríl. Nokkur snjóflóð féllu 29. mars eftir litla ofankomu. Efnismikil og stór snjóflóð féllu víða á Austfjörðum þann 30. og 31. mars og nokkur flóð féllu á varnarvirkin ofan við Neskaupstað. Einnig féllu fjölmörg krapaflóð á svæðinu.

Krapaflóðahrina á Austfjörðum, frá Stöðvafirði norður að Reyðarfirði 30. mars – 1. apríl

Í adraganda hrinunnar var mikið fannfergi á Austfjörðum og mörg stór snjóflóð höfðu fallið. Þann 29. mars hlýnaði snögglega og var víða yfir 10°C. Samfara hlýindunum ringdi mjög mikið á öllu svæðinu fram til 1. apríl. Á þessum tíma tók mikinn snjó tók upp á öllu svæðinu. Fjöldi og krapaflóða féll á svæðinu frá Stöðvafirði og norður í Reyðarfjörð.

3.3 Óvissustig og rýmingar

Almannavarnir ríkislögreglustjóra lýsti yfir óvissustigi vegna skriðuhættu á Austfjörðum í samáði við Veðurstofuna þar sem mikið hafði ringt og grunnvatnsstaða var há á mælum á Seyðisfirði. Óvissustigið var í gildi frá 23.- 28. nóvember.

Óvissustigi vegna snjóflóða var lýst yfir tvisvar sinnum veturinn 2022–2023 og níu sinnum var gripið til rýminga. Þann 5. febrúar var hætta á krapa- snjó- og aurflóðum á sunnanverðum Vestfjörðum og var óvissustigi lýst yfir. Því var aflýst síðdegis sama dag. Hættustigi var lýst yfir

í Neskaupstað snemma morguns þann 27. eftir að snjóflóð féll í sjó fram við Mána í Neskaupstað. Hættustigi var einnig lýst yfir á Seyðisfirði og svo síðar um morguninn á Eskifirði. Viðamiklar rýmingar voru næstu daga og eftir að þeim var aflétt 1.apríl var óvissustig áfram í gildi til 4.apríl. Óvissustig vetrarins eru tekin saman í töflu 2.

Tafla 2. Óvissustig veturinn 2022–2023

Svæði	Ástæða	Sett	Aflýst
Austfirðir	Skríðuhætta	23.11.2023	28.11.2023
Sunnanverði Vestfirðir	Ofanflóðahætta	5.2.2023 04:00	5.2.2023 15:00
Austfirðir	Snjóflóðahætta	27.3.2023 06:50	4.4.2023 11:00

Viðamestu rýmingar vegna snjóflóðahættu í sögu landsins voru gerðar á Austfjörðum dagana 27.mars til 1.apríl. Rýmingar voru mislangar og tóku til óvarðra húsa en einnig voru gerðar varúðar rýmingar á húsum neðan við og næst varnargörðum. Þegar leið á veðrið voru hús einnig rýmd vegna krapaflóðahættu. Rýmingar vörðu mislengi en eftir að veðrinu slotaði höfðu hús verið rýmd í fimm þéttbýlum: Seyðisfirði, Neskaupstað, Eskifirði, Fáskrúðsfirði og Stöðvarfirði. Rýmingar vetrarins eru teknar saman í töflu 3.

Tafla 3. Rýmingar veturinn 2022–2023

Staður	Hvar	Sett	Aflýst
Neskaupstaður	Reitir 4 og 16	27.3.2023 06:40	31.3.2023 10:00
Neskaupstaður	Reitur 5 og 17	27.3.2023 07:00	31.3.2023 09:00
Seyðisfjörður	Reitir 17, 18, 4, 5, 6 og 7	27.3.2023 07:00	1.4.2023 18:40
Seyðisfjörður	Reitur 14	27.3.2023 07:00	28.3.2023 15:30
Seyðisfjörður	Reitur 16	27.3.2023 07:00	1.4.2023 13:00
Neskaupstaður	Efstu húsaraðir á reitum 8, 11 og 14 (við Urðarteig, Blómsturvellir og Víðimýri)	27.3.2023 08:00	28.3.2023 15:30
Neskaupstaður	Reitur 18 að hluta	27.3.2023 08:00	31.3.2023 08:15
Neskaupstaður	Reitir 6 og 20	27.3.2023 10:20	31.3.2023 08:15
Eskifjörður	Reitur 4	27.3.2023 13:30	31.3.2023 08:15
Seyðisfjörður	Reitur 14	29.3.2023 21:00	31.3.2023 09:00
Stöðvarfjörður	Reitur 4	30.3.2023 14:00	1.4.2023 17:50
Fáskrúðsfjörður	Reitur 7	30.3.2023 14:00	1.4.2023 19:10
Neskaupstaður	Reitir 8,11 og 14 að hluta	30.3.2023 15:00	31.3.2023 08:30
Eskifjörður	Reitur 12	30.3.2023 16:00	1.4.2023 18:10
Eskifjörður	Reitur 11 að hluta	30.3.2023 16:00	1.4.2023 18:10
Seyðisfjörður	Reitir 13 og 15	30.3.2023 20:00	31.3.2023 08:30
Neskaupstaður	Reitur 18	30.3.2023 20:00	31.3.2023 08:15
Seyðisfjörður	Reitur 11	30.3.2023 20:00	1.4.2023 19:40
Fáskrúðsfjörður	Reitur 6	31.3.2023 10:30	1.4.2023 19:10

3.4 Snjóflóð á vegi

Í gagnagrunni Veðurstofunnar er skráð að ofanflóð loki vegi ef það fellur yfir þjóðveg eða aðra vegi og vegslóða sem almenningur notar til að komast á milli staða og flóðið er það stórt að það lokar veginum fyrir umferð.

Snjóflóðavakt Veðurstofunnar gerir snjóflóðaspá fyrir fimm vegi á landinu en það eru vegirnir um Kirkjuból- og Súðavíkurhlíð milli Ísafjarðar og Súðavíkur, Flateyjarvegur, Siglufjarðarvegur, Ólafsfjarðarvegur og vegurinn um Ljósavatnsskarð.

Talsverð umferð fólks til og frá vinnu og annarra erinda, er um þessa fimm vegi og eru snjóflóðaspárnar gerðar fyrir Vegagerðina sem metur í framhaldi af því hvort grípa þurfi til ráðstafana.

Alls voru gerðar 61 skáringar fyrir snjóflóð sem féllu á vegi landsins frá 1.sept 2022 til 31. ágúst 2023 og í töflu 4 má sjá lista yfir þessi snjóflóð í tímaröð. Sumar skráninganna innihalda nokkur flóð, einkum þegar flóð renna saman og erfitt er að greina á milli tunga. Nánari upplýsingar um flóðin eru einnig í viðauka III.

Tafla 4. Snjóflóð sem féllu á og lokuðu vegum frá 1. september 2022 til 31. ágúst 2023 ásamt breidd og þykkt snjóflóðs á vegi í metrum.

Nr.	Dags.	Farvegur	Breidd á vegi (m)	Hæð á vegi (m)
57681	19.12.2022	Ólafsfjarðarvegur farv. 38	-	-
57686	18.12.2022	Fifladalagil	20	-
57895	20.12.2022	Seyðisfjörður Selvík	-	-
57689	26.12.2022	Fagridalur	50	2
57693	26.12.2022	Dalsmynni	-	-
57694	26.12.2022	Arnarfjörður	20	-
57724	9.1.2023	Súðavíkurhlíð, utan byggðar	-	-
57742	9.1.2023	Hengill	40	-
57730	10.1.2023	Ólafsfjarðarvegur farv. 38	110	2
57731	10.1.2023	Ólafsfjarðarvegur farv. 36	100	6
57760	17.1.2023	Grænafell í Fagradal	5	1
57761	17.1.2023	Vattarnesskriður	8	2
57765	19.1.2023	Bjólfsöxl	60	-
57947	20.1.2023	Kambanesskriður	-	-
57948	20.1.2023	Vattarnesskriður	5	1
57784	20.1.2023	Álftafjörður Snæfellsnes	-	-
57810	20.1.2023	Raknadalshlíð	15	-
57811	20.1.2023	Raknadalshlíð	10	-
57815	20.1.2023	Ketildalir	55	0,5
58213	20.1.2023	Þorfinnur Önundarfirði	-	-
57790	21.1.2023	Vattarnesskriður	10	0,5
57805	21.1.2023	Dalaskriður	-	-
57812	21.1.2023	Patreksfjörður suðaustanverður	40	-
57813	21.1.2023	Patreksfjörður Ósafjörður	26	-
57836	26.1.2023	Patreksfjörður Geirseyrargil	64	0,3
57838	26.1.2023	Ketildalir	-	-
57841	26.1.2023	Raknadalshlíð	30	3,0
57847	31.1.2023	Grænafell í Fagradal	8	1,5
57945	31.1.2023	Grænafell í Fagradal	10	1,0
57849	2.2.2023	Arnarfjörður norðanverður	100	1,4
57850	2.2.2023	Arnarfjörður norðanverður	100	1,4
57858	2.2.2023	Súgandafjörður sunnanverður	-	-

Nr.	Dags.	Farvegur	Breidd á vegi (m)	Hæð á vegi (m)
57878	9.2.2023	Súðavíkurhlíð 2	10	0,7
57879	9.2.2023	Súðavíkurhlíð 3	20	1,0
57881	9.2.2023	Súðavíkurhlíð 5	15	1,0
57884	9.2.2023	Súðavíkurhlíð 7	15	1,8
57885	9.2.2023	Súðavíkurhlíð 8	20	1,8
57887	9.2.2023	Súðavíkurhlíð 10	25	0,5
57891	9.2.2023	Súðavíkurhlíð 18	4	0,5
57892	9.2.2023	Súðavíkurhlíð 19	10	1,5
57896	10.2.2023	Súðavíkurhlíð20	-	-
57913	10.2.2023	Þorfinnur Önundarfirði	-	-
57907	13.2.2023	Patreksfjörður Ósafjörður	77	-
57916	13.2.2023	Hestfjörður	60	-
57922	14.2.2023	Hestfjörður	100	1,5
58042	27.3.2023	Neskaupstaður Nesgil	80	-
58044	27.3.2023	Neskaupstaður Miðstrandargil	100	2,5
58055	27.3.2023	Fannardalur í Norðfirði	-	-
58056	27.3.2023	Hólmar Reyðarfirði	-	-
58053	27.3.2023	Bræðraborg Seyðisfirði	107	-
58065	27.3.2023	Miðtangagil Seyðisfirði	-	-
58066	27.3.2023	Grænafell í Fagradal	65	1,9
58067	27.3.2023	Grænafell í Fagradal	30	1,0
58093	31.3.2023	Hvalnes- og Þvottáskriður	-	-
58099	31.3.2023	Grænafell í Fagradal	-	-
58100	31.3.2023	Grænafell í Fagradal	-	-
58118	31.3.2023	Fáskrúðsfjörður sunnanverður	-	-
58119	31.3.2023	Fáskrúðsfjörður sunnanverður	-	-
58153	31.3.2023	Hesteyri Mjóafirði	-	-
58207	31.3.2023	Fannardalur í Norðfirði	40	-
58151	1.4.2023	Reyðarfjörður sunnanverður	-	-

3.5 Snjóflóð af mannavöldum

Veturinn 2022–2023 voru skráð 28 snjóflóð af mannavöldum. Í töflu 5 má sjá lista yfir flóð af mannavöldum í rétttri tímaröð. Orsök snjóflóðanna var af ýmsum toga, allt frá skíðafólki til sprenginga. Yfirborðshrím grófst víða á norðanverðu landinu í desember og var veikt lag í snjóþekjunni þar vikum saman. Líklegt er að mörg þessara flóða hafi fallið á þessu veika lagi. Í Hlíðarfjalli hafa sprengingar verið notaðar sem fyrirbyggjandi aðgerð og hafa þær reynst vel. Einhver meiðsl urðu á fólki sem lentu í snjóflóðum en ekki er vitað til þess að nokkur hafi slasast alvarlega.

Tafla 5. Snjóflóð af mannavöldum veturinn 2022–2023. St: Stærð snjóflóðs á skalanum 1–5. Ors: Orsök snjóflóðs (G: Göngumaður, S: Skíðamaður, V: Vélslæði, T: Snjótroðari, J: Jeppi, M: Af mannavöldum/ótilgreint), B: Beltahjól. Hæð: Upptakahæð snjóflóðs (m y.s.). Vh: Viðhorf hlíðar sem snjóflóðið féll í, þ.e. í hvaða átt hlíðin snýr (N, NA, A, SA, S, SV, V, NV).

Nr.	Dags.	St.	Hæð	Ors.	Vh.	Lýsing
57695	28.12.2022	3	960	S	A	Skíðamenn settu af stað snjóflóð í Mannshrygg í Hlíðarfjalli. Þeir lentu ekki í flóðinu. Fremur þunnt flóð talið hafa fallið á viðvarandi veiku lagi frá 18.des.
57703	1.1.2023	2	760	V	V	Vélsleðamenn settu af stað snjóflóð með fjarbroti í vestan megin Hlíðarfjalls, í Hörgárdal austan Krossastaðagils. Mennirnir voru á flata í um 200 m fjarlægð frá brekku þegar flóðið féll.
57712	3.1.2023	2	751	S	A	Skíðamaður setti af stað snjóflóð í Reithólum í Hlíðarfjalli. Fremur þunnt flóðið fellur neðan við kúpta brún.
57713	5.1.2023	2	698	S	A	Brettamaður setti af stað snjóflóð í Hlíðarfjalli, við Reithóla. Flóðið fellur líklega á viðvarandi veiku lagi frá 18. des. Flóðasnjór safnaðist í lægð í landinu.
57763	18.1.2023	3	1080	M	A	Sprenging setti af stað snjóflóð í Hlíðarfjalli.
57764	18.1.2023	3	1100	M	A	Sprenging setti af stað snjóflóð í Hlíðarfjalli.
57875	8.2.2023	2	-	V	A	Sleðamaður setti af stað snjóflóð í Syðri-Árdal í Ólafsfirði. Fleki féll þegar brekka var þveruð, fleki rann á hörðu yfirborði.
57935	20.2.2023	1	-	V	A	Vélsleði setti af stað lítið flóð í Hlíðarfjalli með fjarbroti.
57936	20.2.2023	1	-	V	A	Vélsleði setti af stað lítið flóð í Hlíðarfjalli.
57937	20.2.2023	1	-	M	A	Lítið snjóflóð sett af stað með sprengingu af starfsmönnum Hlíðarfjalls.
58016	15.3.2023	2	1000	M	SV	Þyrta setti af stað snjóflóð með fjarbroti í Syðrihnjúki í Skíðadal. Þyrta flaug lágt yfir brekkurnar og setti flóðið þannig af stað.
58028	16.3.2023	3	700	V	SE	Vélsleði setti flóð af stað snjóflóð í Fjörðum. Flóðið var nokkuð breitt en enginn lenti í flóðinu. Mörg náttúruleg flóð einnig á svæðinu af stærð 2.
58032	16.3.2023	2	700	V	V	Vélsleði setti flóð af stað í Fjörðum, Díahnjúk. Mörg náttúruleg flekaflóð af stærð 2 á svæðinu.
58024	16.3.2023	2	-	V	-	Vélsleði setti af stað snjóflóð í Reykjadal á Lágheiði.
58027	16.3.2023	2	-	B	S	Tveir menn á beltahjólum settu af stað snjóflóð í Svartafjalli í Eskifirði, en náðu að keyra út úr því.
58029	18.3.2023	3	-	S	V	Nokkuð stórt snjóflóð féll í Kistufelli í Brimnesdal. Sjö manna hópur var á fjallaskíðum sem lenti í flóðinu. Einn úr hópnum slasaðist á fæti og annar hlaut minniháttar meiðsl.

Nr.	Dags.	St.	Hæð	Ors.	Vh.	Lýsing
58035	20.3.2023	1	-	S	-	Lítill spýja féll í Hlíðarfjalli, líklega af völdum skíðafólks.
58034	20.3.2023	2	-	S	-	Skíðamaður setti af stað flekaflóð í einu gílinu í Hlíðarhrygg.
58050	25.3.2023	3	-	B	V	Menn á beltahjólum settu af stað snjóflóð með fjarbroti í Burstabrekkudal. Snjóflóðið féll um 20 m frá mönnunum.
58051	25.3.2023	3	-	B	V	Menn á beltahjólum settu af stað snjóflóð í Ytrafjalli.
58052	25.3.2023	3	-	B	S	Menn á beltahjólum settu af stað snjóflóð í Ytrafjalli.
58047	25.3.2023	2	-	V	S	Vélsleði setti af stað flekaflóð undir Kistufelli á Seljalandsdal.
58048	26.3.2023	2	-	S	SV	Flekaflóð féll í Magnúsarskarði í Oddsskarði, líklega sett af stað með fjarbroti. Óvíst er hvort skíðafólk hafi sett það af stað eða ekki.
58084	29.3.2023	2	-	T	A	Snjótroðari setti viljandi af stað snjóflóð í Reithólum innan skíðasvæðisins í Hlíðarfjalli.
58165	31.3.2023	2	600	V	V	Vélsleði setti af stað vott snjóflóð í Hádegisfjalli á Lágheiði.
58166	31.3.2023	2	-	V	-	Vélsleði setti af stað vott snjóflóð í Laxárdal vestan við Trölla í Skagafirði.
58159	1.4.2023	3	-	V	V	Vélsleðamenn settu af stað þurrt flekaflóð féll úr Breiðafjalli í Fljótum.
58180	9.4.2023	2	-	S	SV	Skíðamaður setti af stað lítið snjóflóð í Hrafnaskál milli Ytrafjalls og Arnfinnsfjalls við Ólafsfjörð.


3.6 Snjódýptarmælingar

Snjódýpt er mæld í hlíðum ofan bæja þar sem snjóflóð geta ógnað byggð. Á u.þ.b tveggja vikna fresti er snjódýpt lesin af stikum sem eru staðsettar í hlíðum ofan bæjanna. Stikunum hefur farið fækkandi síðustu ár þar sem uppbygging varnarvirkja er lokið eða langt komin og sjálfvirkir snjódýptarmælar og flygildi sem mæla snjódýpt með mikilli nákvæmni hafa einnig leyst þessar eldri stikur af hólmi.

Að neðan eru nokkur snjódýptarlínurit frá norðanverðum Vestfjörðum, Tröllaskaga og Austfjörðum sem gefa ágætis mynd af snjósöfnun vetrarins. Í viðauka I eru einnig línurit frá öllum þeim stöðum þar sem snjódýpt er lesin af stikum.

Vestfirðir


Á Vestfjörðum eru snjódýptarmælar í Bolungarvík, Seljalandsdal og á Flateyri. Mælarnir veturinn 2022-2023 sýndu fremur litla snjósöfnun framan af en í lok desember jókst snjódýptin töluvert á flestum mælum. Í janúar jókst snjódýptin víða um u.þ.b. 50 cm. Í byrjun febrúar jókst snjódýpt á nokkrum mælum en hún minnkaði hratt í lok mánaðarins. Eftir miðjan mars jókst snjódýptin hratt aftur en í apríl bráðnaði jafnt og þétt.



Mynd 12. Snjódýpt á sjálfvirkum mælum á norðanverðum Vestfjörðum veturinn 2022–2023.

Norðurland


Á Norðurlandi eru sjjódyptarmælar staðsettir í Siglufirði og Ólafsfirði. Stopul gögn bárust frá mælinum í Siglufirði yfir háveturinn. Báðir mælarnir sýndu snjóöfnun snemma í október en snjórinn virðist hafa bráðnað aftur í byrjun nóvember. Lítil söfnun var fram yfir áramót, eftir það komu úrokmuskot af og til með snjóöfnun til fjalla. Snjórinn bráðnaði svo smám saman í apríl.



Mynd 13. Snjódypt á sjálfvirkum mælum á norðanverðum Vestfjörðum veturinn 2022–2023.

Austfirðir

Á Austfjörðum eru sjálfvirkir snjódyptarmælar ofan við Neskaupstað og í Kálfabotnum í Seyðisfirði. Líklegt er að mælirinn ofan við Neskaupstað hafi byrjað að halla í lok október og sýni um 50 cm meiri snjódypt en raunin var. Mælarnir sýna mikla aukningu á snjódypt eftir miðjan desember og af og til yfir veturinn með þýðu á milli. Í lok mars jókst snjódyptin töluvert en hröð bráðnun var í apríl.



Mynd 14. Snjódypt á sjálfvirkum mælum á norðanverðum Austfjörðum veturinn 2022–2023


4 Helstu snjóflóð vetrarins

Í þessum kafla verður gerð grein fyrir nokkrum markverðum flóðum vetrarins. Margir ólíkir þættir eru skoðaðir til að meta hvort flóð telst markvert. Flóð sem valda eignatjóni eða slysum á fólki teljast alltaf markverð. Stórt snjóflóð þarf hins vegar ekki endilega að teljast markvert ef það fellur í þekktum snjóflóðafarvegi þar sem stór snjóflóð eru tíð. Snjóflóð sem fellur á óvenjulegum stað gæti hins vegar talist markvert þó að það sé ekki stórt. Hverju flóði fylgir kort sem sýnir útlínur eða staðsetningu flóðsins ef útlínur eru ekki til.

Veðuraðdragandi snjóflóðanna var skoðaður eins og hann mældist á sjálfvirkum veðurstöðvum. Fyrir hvert flóð eru línurit sem sýna hitastig, uppsafnaða úrkomu, vindhraða og vindátt dagana áður en flóðið féll. Valdar voru veðurstöðvar sem eru næstar umræddum flóðum til þess að fá sem besta mynd af veðuraðdragandanum. Veðurstöðvarnar gefa þó aðeins vísbendingar um veðrið á þeim stað þar sem snjóflóðið féll vegna áhrifa frá landslagi, fjarlægð veðurstöðva frá viðkomandi flóði o.fl. Landslag og fjöll hafa einnig mikil áhrif á úrkomu og má gera ráð fyrir að úrkoma hafi verið talsvert meiri á upptakasvæðum flóðanna en línuritin sýna. Ef nákvæm tímasetning er til fyrir tiltekið flóð er hún teiknuð sem rauð lóðrétt lína á veðurgraf. Ef nákvæm tímasetning er ekki til, er óvissan í tímasetningu sýnt sem grænn rammi og rauða línar tákna líklegasta tíman.

4.1 Garðar, Mýrdal

Á jólanótt, aðfaranótt 25. desember, féll snjóflóð af stærðinni 2,5 fyrir ofan bæinn Garða í Reynishverfi í Mýrdal. Flóðið skall á þremur bílum sem voru fyrir ofan útihús og bærust bílarnir stutta vegalengd með flóðinu og stöðvuðust upp við útihúsin. Aðdragandinn að flóðinu var fremur stuttur en lítill snjór var fyrir til fjalla og athugunarvert er hversu fljótt aðstæður sköpuðust fyrir svona stórt snjóflóð.




Mynd 13. Útlínur snjóflóðsins að Görðum í Reynishverfi.



Mynd 14. Snjóflóðið sem féll ofan við Garða færði til tvo bíla við útihúsin.

Veðuraðdragandi


Dálítill úrkoma var á svæðinu um miðjan desember en úrkomulítið var fram að aðfangadag með hita yfirleitt um og undir frostmarki. Á aðfangadag myndaðist lítil lægðabóla við landið sem skilaði talsverðri snjókomu á Suðurland fram að hádegi á jóladag. Í Drangshlíðardal mældust um 30 mm á nokkrum klukkustundum. Austlæg átt með stormstyrk var á Stórhöfða á aðfangadasmorgun en eftir hádegi var hægari norðlæg átt. Á jólanótt snerist aftur í hvassa austanátt með stormstyrk og náðu hviður á Stórhöfða hátt í 30 m/s. Hit var rétt undir frostmarki.



Mynd 15. Veðuraðdragandi snjóflóðsins í Reynishverfi. Myndin sýnir mælda úrkomu, hitastig, vindstyrk og vindátt á völdum stöðvum í nágrenninu.

4.2 Hlíðarhryggur í Hlíðarfjalli


Stórt snjóflóð féll í Suðurdal í Hlíðarfjalli sem sást þann 22. desember. Líklegt þykir að flóðið hafi fallið daginn áður og mögulega voru þetta tvö tengd flóð. Upptök voru undir klettum Hlíðarhryggs og fór flóðið niður yfir nyrstu skíðaleiðina í dalnum. Flóðið var staðbundið þykkt þar sem það hrannaðist upp að Reithólahryggnum. Sama dag var snjógryfja tekin í Hlíðarfjalli í S-vísandi hlíð í 700 m hæð sem sýndi veikleika á um 160 cm dýpi.



Mynd 16. Útlínur snjóflóðsins í Hlíðarhrygg í Hlíðarfjalli.

Veðuraðdragandi


Norðaustlæg átt hafði verið viðvarandi á svæðinu og að kvöldi 18. desember tók að hvesa. Allhvas vindur var til fjalla og bætti enn frekar í næstu daga. Vindstyrkur fór yfir 25 m/s á Vaðlaheiði um tíma þann 20. desember og hviður náðu yfir 30 m/s. Á Öxnadalshéiði var vindstyrkur lengi vel tæplega 20 m/s með hviðum yfir 25 m/s. Dálítil ofankoma mældist á Akureyri og bætti í þann 20. desember. Þó mældust einungis um 10 mm úrkoma en í svona hvössum vindi mælist snjókoma illa. Töluvert meiri úrkoma mældist á Sökku í Svarfaðardal. Lítil sem engin úrkoma mældist eftir miðnætti aðfaranótt 22. desember. Hiti var undir frostmarki til fjalla þessa daga og var á bilinu -5 til -15°C. Farið var að draga úr vindi þegar snjóflóðið féll.



Mynd 17. Veðuraðdragandi snjóflóðins í Hlíðarfalli. Myndin sýnir mælda úrkomu, hitastig, vindstyrk og vindátt á völdum stöðvum í nágrenninu.

4.3 Miðhryggsgil í Önundarfirði

Snjóflóð féll úr Miðhryggsgili í Önundarfirði þann 10. janúar og stöðvaðist um 40 m ofan við Flateyjarveg. Snjóflóð á þessum stað og af þessari stærð eru ekki óalgeng en áhugavert er að sjá hvernig nýleg mælitæki nýtast við snjóflóðavöktun. Snjóflóðaratsjá sem staðsett er á Flateyri nam snjóflóðið og náðist að mæla nákvæma tímasetningu ásamt hraða flóðsins sem var mestur um 54 m/s.




Mynd 18. Útlína snjóflóðsins úr Miðhryggsgili í Önundarfirði



Mynd 19. Merkið sem radarinn nam frá snjóflóðinu úr Miðhryggsgili.

Veðuraðdragandi


Dagana fyrir snjóflóðið myndaðist stór lægð suður í hafi sem beindi norðaustlægum áttum á Vestfirði. Lægðin færðist smám saman austur fyrir land með auknum vindi og ofankomu á norðurhelmingi landsins. Þann 6. janúar jókst vindur á Þverfjalli og snerist í norðaustanátt með kvöldinu. Þannig hélst veðrið næstu daga, með vind frá 10-23 m/s og hviðum sem fóru yfir 30 m/s. Ofankoma tók að aukast að kvöldi 7. janúar og mældust tælega 20 mm uppsafnað á Flateyri frá 7. janúar til miðnættis að kvöldi 10. janúar, með mis mikilli ákefð. Þegar flóðið féll var smám saman að draga úr vindi en nýlega hafði úrkoman aukist töluvert.



Mynd 20. Veðuraðdragandi snjóflóðsins í Miðhryggsgili. Úrkoma, hitastig, vindhraði og vindátt á völdum veðurstöðvum í nágrenninu.

4.4 Ólafsfjarðarvegur

Tvö stór snjóflóð féllu á Ólafsfjarðarveg aðfaranótt 10. janúar eftir viðvarandi hvarssar norðlægar áttir og snjókomu. Annað flóðanna var um 5-6 metra þykkt eða um 2 metrum hærra en grafan sem mokaði í gegnum flóðið, og um 70 m breitt á vegi. Hitt var um 2-3 m þykkt á vegi og um 110 m breitt. Óvissustig var í gildi á Ólafsfjarðarvegi og var vegurinn lokaður þegar flóðin féllu.



Mynd 21. Útlína annars snjóflóðsins á Ólafsfjarðarveg.

Það tók rúmlega fjórar klukkustundir að ryðja veginn og var hann opnaður aftur sama dag þegar veðrið gekk niður.



Mynd 22. Ólafsfjarðarvegur þegar búið var að moka í gegnum annað snjóflóðið.




Mynd 23. Annað snjóflóðið lenti á stálþili við veginn.

Veðuraðdragandi

Norðan og norðaustan hríðarveður gekk yfir norðanvert landið frá og með sunnudeginum 8. janúar og var talsverð snjókoma með skafrenningi til fjalla. Það rigndi á láglendi í upphafi veðurs en kólnaði fljótt með snjókomu, skafrenningi og versnandi færð. Norðan hríðin hélt áfram yfir mánudaginn 9. janúar með talsverðri úrkomu á Ólafsfirði en draga tók úr útkomu með kvöldinu. Norðaustanátt með éljagangi tók við þann 10. janúar. Viðvarandi veikt lag var í snjóþekjunni á


norðurlandi á þessum tíma og höfðu mörg snjóflóð fallið á svæðinu fyrir þetta veður, meðal annars á Ólafsfjarðarveg.



Mynd 24. Veðuraðdragandi snjóflóðanna á Ólafsfjarðarvegi. Úrkoma, hitastig, vindhraði og vindátt á völdum veðurstöðvum í nágrenninu.

4.5 Dýjadalur

Mjög stórt snjóflóð féll úr báðum dalbotnum Dýjadals innan við Dalvík. Flóðið breiddist yfir aurkeilu Dýjalækjar niður í Ufsadal og þakti þar um 10 ha svæði og stöðvaðist á 400 m löngum kafla niður í Brimnesá eða skammt handan hennar. Allur vestari dalbotninn brotnaði niður með þykku brotstáli að vestan- og austanverðu í skálinni. Í eystri dalbotninum var álíka þykkt



Mynd 25. Útlína snjóflóðsins í Dýjadal

brotstál í vesturhlíð en ekki í austurhlíð. Bláhnjúkurinn sem liggur á milli dalbotnanna hljóp ekki. Flóðin úr báðum dalbotnunum sameinuðust og þrengdu sér niður gilkaftinn áður en þau dreifðu úr sér yfir aurkeiluna í botni Dýjadals.



Mynd 26. Snjóflóðið féll úr báðum dalbotnum Dýjadals.




Mynd 27. Snjóflóðið þrengdi sér út um gilkaftinn í botni dalsins.



Mynd 28. Snjóflóðið náði að Brimnesá.

Veðuraðdragandi


Langvarandi frostakafli hafði verið til fjalla á Norðurlandi og talsverður uppsafnaður snjór var á svæðinu. Þegar flóðið féll höfðu verið norðlægar áttir dögum saman með éljagangi. Vindhraði í Grímsey hafði verið um 10 m/s með hviðum yfir 15 m/s í nokkra daga en gera má ráð fyrir að hvassara hafði verið til fjalla á Tröllaskaga. Frá 16. janúar var aukin úrkoma víða á Tröllaskaga. Þann 20. janúar hlýnaði í veðri með SA-átt og asahláku. Talið er að snjóflóðið hafi fallið á bilinu 19.-21. janúar.



Mynd 29. Veðuraðdragandi snjóflóðsins í Dýjadal. Úrkoma, hitastig, vindhraði og vindátt á völdum veðurstöðvum í nágrenninu.

4.6 Stekkagil, Patreksfirði

Krapaflóð féll úr Stekkagili (Geirseyrargili) á Patreksfirði rétt fyrir kl. 10, 26. janúar. Flóðið flæddi yfir tvær götur, færði bíl úr stað á Aðalstræti, skall á skúr við Brunna 2 og íbúðarhús við Aðalstræti 76. Við Aðalstræti 76 náði tungan aðeins upp á gluggana í kjallaranum en olli ekki tjóni. Uppsöfnuð úrkoma var rúmlega 30 mm þegar flóðið féll, þar af nálægt 20 mm á síðustu 2 klst fyrir flóð. Talsvert hafði dregið úr rigningunni kl. 10:00. Hiti var kominn í +7°C, eins og oftast þegar kemur vatn í gilið. Þess má geta að við hlið bílskúrs á Brunnum 1 rúmaðist allt flóðið í 5-6 m breiðum farvegi og varð ca 150 cm djúpt.



Mynd 30. Útlína krapaflóðsins sem fell úr Stekkagili á Patreksfirði 26. janúar.



Mynd 31. Flóðið slettist upp úr farvegi sínum á nokkrum stöðum.




Mynd 32. Krapaflóðið átti upptök sín í um 170 m hæð í Stekkagili.



Mynd 33. Krapaflóðið skall á íbúðarhúsi en olli ekki tjóni.

Veðuraðdragandi


Löng kuldatíð var í janúar en umhleyplingasamt var frá 20. janúar og hitastig flakkaði sitt hvoru megin við frostmark. Að morgni 26. janúar komu skil upp að landinu með talsverðri úrkoma á vestanverðu landinu. Talsverð rigning mældist á Patreksfirði þennan morgun en tæplega 30 mm mældust á 5 klukkustundum. Þegar krapaflóðið féll var byrjað að draga úr úrkomunni en mikil ákefð hafði verið frá því um kl. 5:30 um morguninn. Þennan morgun var hiti á Patreksfirði lengi vel í kringum 5°C en fór hæst í rúmlega 7°C. Vindur var suðlægur, lítill snjór var almennt til fjalla en snjór var í giljum og lægðum.



Mynd 34. Veðuraðdragandi krapaflóðsins á Patreksfirði. Úrkoma, hitastig, vindhraði og vindátt á völdum veðurstöðvum í nágrenninu.

4.7. Nesgil, Neskaupstað

Stórt þurr flekafloð féll úr Nesgili ofan við Neskaupstað rétt fyrir kl. 7 að morgni 27. mars. Flóðið lenti á tveimur fjölbýlishúsum við Starmýri og olli talsverðu tjóni. Ekki var byrjað að rýma þessi hús en enginn slasaðist alvarlega. Snjór braust inn um rúður og inn á stigagang og þurftu íbúar aðstoð björgunarsveitar við að komast út úr húsinu. Flóðið kastaði einnig til mörgum bílum og olli tjóni á þeim. Flóðið stöðvaðist að mestu við fjölbýlishúsin en þunn tunga fór niður á milli þeirra og niður götuna austan við þau og urðu skemmdir á utanhússklæðingu og þakkanti einbýlishúsa fyrir neðan. Innri jaðar flóðsins fór inn í skógræktina og olli þar talsverðum skemmdum. Að auki færði flóðið stóra steina úr stað á úthlaupssvæðinu. Þetta snjóflóð er lengsta skráða flóð í þessum farvegi.



Mynd 35. Útlína snjóflóðsins sem féll úr Nesgili 27. mars í Neskaupstað.



Mynd 36. Snjóflóðið skall á tveimur fjölbýlishúsum, fór inn í íbúðir og stigagang og olli tjóni á nokkrum húsum




Mynd 37. Snjóflóðið kastaði til bílum og olli tjóni á þeim.



Mynd 38. Snjóflóðið þann 27. mars. Flóðið olli miklu tjóni

Veðuraðdragandi


Frost og norðlægar áttir höfðu verið til fjalla á Gagnheiði nær allan marsmánuð og smám saman hafði bætt á snjó á svæðinu. Vikuna áður höfðu verið viðvarandi norðaustlægar áttir, oft yfir skafrenningsmörkum. Þann 26. mars myndaðist lítil lægð við landið sem færðist austur með landinu. Þessi lægð staldraði við við Austfirði og skilaði mikilli ofankomu í miklum vindi. Á kvöldi 26. mars hvessti snögglega og fór vindur fljótt yfir 20 m/s til fjalla í N/NA-átt. Með þessu fylgdi talsverð ofankoma, í Neskaupstað höfðu mælst um 25 mm á nokkrum klukkustundum áður en úrkomumælirinn fór í snjóflóði rétt fyrir kl. 7. Draga tók úr úkomu síðdegis 27. mars og smám saman dró úr vindi með deginum.



Mynd 39. Veðuraðdragandi snjóflóðsins í Nesgili. Úrkoma, hitastig, vindhraði og vindátt á völdum veðurstöðvum í nágrenninu.

4.8. Drangagil, Neskaupstað

Stórt snjóflóð féll í Drangagili ofan Neskaupstaðar þann 30. mars. Sjónarvottur í bænum lýsti miklum hávaða og sá síðan gríðarháa kastboga flóðsins þegar það lenti á varnarkeilunum neðan við gilið. Svo hátt kastaðist snjórinn að sjónarvotturinn hélt að efstu hús og jafnvel hann sjálfur myndu lenda í flóðinu. Mikið kóf fylgdi sem barst undan vindi inn með byggðinni. Snjóflóðið féll á alla efri keiluröðina og náði niður á innri hluta neðri keiluraðarinnar. Innsti hluti flóðsins féll innan við keilurnar og náði að þvergarðinum. Ofan á þvergarðinum fundust steinar sem líklega höfðu kastast þangað með flóðinu.



Mynd 40. Útlína snjóflóðsins úr Drangagili ofan við Neskaupstað, 30.mars.



Mynd 41. Snjóflóðið úr Drangagili.



Mynd 42. Snjóflóðið lenti á varnarkeilum og þvergarði fyrir neðan.




Mynd 43. Varnarvirki í Neskaupstað komu að góðum notum þegar snjóflóðið féll úr Drangaskarði.

Veðuraðdragandi

Mikill snjór var til fjalla eftir viðvarandi norðlægar áttir og ofankomu. Talsvert bætti við af snjó og hvasst var til fjalla þann 27. mars (sjá kafla 4.6). Þann 29. mars kom víðáttumikil lægð að

landinu með hlýrra lofti og dálítilli ofankomu. Þó var áfram frost til fjalla. Þann 30. mars kom annar úrkomubakki yfir svæðið, vindur jókst aftur og austlæg átt var til fjalla. Talsverð úrkoma mældist í þessu skoti en um 40 mm höfðu mælst frá miðnætti á Eskifirði þegar flóðið féll.



Mynd 44. Veðuraðdragandi snjófóðsins í Drangagili þann 30. mars. Úrkoma, hitastig, vindhraði og vindátt á völdum veðurstöðvum í nágrenninu.

Heimildir

Snjóflóðagagnasafn Veðurstofu Íslands.

Bloggsíða snjóflóðavaktar VÍ: <http://blog.vedur.is/snjoflod/>

Trausti Jónsson (2021). Tíðarfarsyfirlit 2020 og 2021. Sótt 10.9.2021 af;

<http://www.vedur.is/vedur/vedurfar/manadayfirlit/2020>

<http://www.vedur.is/vedur/vedurfar/manadayfirlit/2021>

Fréttavefur RÚV:

https://www.ruv.is/frett/2020/10/20/skjalfsti-ad-staerd-56-fjoldi-eftirskjalfta?itm_source=parsely-api

<https://www.ruv.is/frett/2020/11/02/bergfylla-hrundi-ur-bjarginu-i-skjalftanum>

Fréttavefur MBL:

https://www.mbl.is/frettir/innlent/2020/10/20/attu_fotum_sinum_fjor_ad_launa_nidur_keili/




Fréttavefur Austurfréttir:

<https://austurfrett.is/frettir/aurskridha-lokadhi-kambaskridhum-i-morgun>







Viðauki I. Snjódýptarmælingar

Línurit fyrir allar snjódýptarmælingar sem lesnar voru af stikum veturinn 2022–2023. Hæð stiku ofan sjávarmáls er tilgreind aftan við stikunafn.




Snjódýpt á norðanverðum Vestfjörðum



Snjódýpt við Neskaupstað



Snjódýpt við Seyðisfjörð



Viðauki II. Stærðarflokkun snjóflóða

Í gagnasafni Veðurstofu Íslands er stærð snjóflóða skráð skv. flokkun sem er uppruninn í Kanada. Flokkunin byggir fyrst og fremst á áhrifum flóðs, og það hefur verið lítillega staðfært. Í flokkuninni er einnig gefinn dæmigerður massi flóðs í hverjum flokki í tonnum.

Flokkur	Lýsing	Massi
1	Spýja, sem varla getur grafið mann (en það getur skapast hætta vegna falls)	10 tonn
2	Snjóflóð sem getur grafið mann	100 tonn
3	Snjóflóð sem getur grafið og eyðilagt fólksbíl, grafið vörubíl, skemmt hús eða eyðilagt minni byggingar	1000 tonn
4	Snjóflóð sem getur eyðilagt nokkur hús	10.000 tonn
5	Stærstu snjóflóð, geta eyðilagt mörg hús	100.000 tonn

Viðauki III. Skráð snjóflóð veturinn 2022–2023

Skýringar við annál

Annállinn inniheldur öll snjóflóð sem voru skráð í gagnagrunn Veðurstofunnar veturinn 2022–2023. Í annálnum er að finna nokkrar helstu breytur úr gagnagrunninum og eru þær útskýrðar nánar hér.

Farvegur: Öll flóð eru skráð í fyrirfram skilgreinda farvegi.

Dagsetning: Oftast er um nákvæma dagsetningu að ræða en stundum er ekki vitað nákvæmlega hvenær flóðið féll og er þá líklegasta tímabilið skráð.

Númer: Öllum flóðum er gefið auðkennisnúmer.

Tegund: S=ótilgreind tegund snjóflóðs; L=lausasnjóflóð; F=flekaflóð; K=krapaflóð. Ef stafirnir „F“ og „L“ hafa lágvísinn „v“ (t.d. „Fv“) þá er um vott flóð að ræða, annars þurrt.

Stærð: Snjóflóð eru flokkuð í stærðir með hliðsjón af kanadíska flokkunarkerfinu. Stærðarflokkarnir eru frá 1–5. Stærri flóð en 4 eru mjög sjaldgæf.

Lengd/breidd/dýpi: Lárétt lengd flóðsins frá upptökum til stöðvunarpunkts, meðalbreidd tungu og meðaldýpi í tungu (táknað „Le/Br/Dp“ í töfluhaus og gefið upp í metrum).

Skráð ofanflóð veturinn 2022/2023

Staður/farvegur	Dagsetning	Númer	Tegund/ stærð	Len/Br/Dýpt (m)	Aðrar upplýsingar
Reykjavík og nærsveitir					
Hellisheiði og Ölfus	17/18.12.2022	57678	F / 1,5	- / 75 / 0.5	Snjóflóð féll í Þrengslunum.
Esja	17/18.12.2022	57680	F / 1		Lítið flekaflóð féll í mynni Blikdals.
Reykjafell	24/25.12.2022	57696	F / 1,5		Snjóflóð féll í Reykjafelli í Mosfellsbæ.
Hengill	8/9.1.2023	57742	S / 2	- / 40 / 2	Snjóflóð féll úr Svínahlíð á Grafningsveg efri.
Botnsúlur og nágrenni	14.1.2023	57762	F / 1,5		Lítið en breitt snjóflóð féll úr lágri brekku við Kárastaði við Þingvallavatn.
Gilið, sá staður við göngubrautina sem oftast hleypur	28/29.4.2023	58215	S / 1		Hengja féll við Skíðasvæðið í Bláfjöllum í NV-vísandi hlíð.
Snæfellsnes					
Snæfellsnes	20.1.2023	57784	Lv / 2		Fjögur vot snjóflóð féllu yfir veg í Álftafirði á Snæfellsnesi.
Dalasýsla					
Gilsfjörður, sunnanverður	13.2.2023	57908	K / 1		Krapaflóð féll ofan við Neðri-Brekku í Saurbæ í Dalasýslu.
Gilsfjörður, sunnanverður	13.2.2023	57911	K / 1		Krapaflóð féll í Hvítadal og rann á sumarhús.
Patreksfjörður					
Geirseyrargil	26.1.2023	57836	K / 2	- / 65 / 0.3	Krapaflóð féll úr Geirseyrargili á Patreksfirði. Flóðið flæddi yfir tvær götur, færði bíl úr stað og skall á íbúðarhús.
Geirseyrargil	5.2.2023	57868	K / 1		Lítill krapaspýja féll í Geirseyrargili (Stekkgili).
Patreksfjörður, utan þéttbýlis					

Staður/farvegur	Dagsetning	Númer	Tegund/ stærð	Len/Br/Dýpt (m)	Aðrar upplýsingar
Raknadalshlíð	20.1.2023	57810	F / 1,5	- / 15 / -	Tvö þurr snjóflóð féllu yfir veginn innst í Raknadalshlíð. Flóðin voru þunn á vegi og féllu áður en tók að hlýna um morguninn.
Raknadalshlíð	20.1.2023	57811	Fv / 2	- / 10 / -	Tvö snjóflóð féllu á veginn um Raknadalshlíð.
Raknadalshlíð	20.1.2023	57814	Fv / 1		Nokkrar spýjur féllu í Raknadalshlíð.
Patreksfjörður suðaustanverður	20/21.1.2023	58587	K / 2,5		Krapaflóð féll í Skápadal í suðaustanverðum Patreksfirði.
Patreksfjörður suðaustanverður	20/21.01.2023	57812	K / 2	- / 40 / -	Snjóflóð féll yfir veg í sunnanverðum Patreksfirði.
Ósafjörður	21.1.2023	57813	K / 2	- / 26 / -	Krapaflóð féll yfir veginn um Kleifaheiði í Ósafirði innst í Patreksfirði.
Raknadalshlíð	26.1.2023	57841	S / 2	- / 30 / 1	Snjóflóð féll á veginn um Raknadalshlíð.
Ósafjörður	13.2.2023	57907	K / 2	- / 80 / -	Krapaflóð féll yfir veginn um Kleifaheiði.
Arnarfjörður					
Arnarfjörður norðanverður	26.12.2022	57694	F / 2	- / 20 / -	Snjóflóð féll á veg við Dynjandisvog.
Ketildalir	20.1.2023	57815	K / 2	- / 55 / 0.5	Tvö krapaflóð féllu í Arnarfirði, sitt hvoru megin við bæinn Grænuhlíð.
Ketildalir	26.1.2023	57838	K		Krapaflóð féll við Grænuhlíð í Arnarfirði í talsverðri rigningu og leysingum.
Arnarfjörður norðanverður	1/2.2.2023	57849	F / 1,5	- / 100 / 1.4	Tvö snjóflóð féllu út á veg í Dynjandisdal.
Arnarfjörður norðanverður	1/2.2.2023	57850	F / 1,5	- / 100 / 1.4	Tvö snjóflóð féllu yfir veg í Dynjandisdal.
Bíldudalur					
Búðargil	26.1.2023	57839	K / 1		Krapaflóð féll úr Búðargili á Bíldudal í miklum leysingum.
Gilsbakkagil	26.1.2023	57840	K / 1		Krapaflóð féll úr Gilsbakkagili á Bíldudal.
Dýrafjörður					

Staður/farvegur	Dagsetning	Númer	Tegund/ stærð	Len/Br/Dýpt (m)	Aðrar upplýsingar
Gemlufell	13.2.2023	57910	K		Krapafloð féll ofan við Gemlufall.
Önundarfjörður					
Selabólsurð, undir Urðarskál	8.1.2023	57741	F / 2,5		Snjófloð féll í Selabólsurð, neðan Urðarskálar og stöðvaðist 100 m ofan við keilur.
Hvilftarströnd	20.1.2023	57777	Lv / 1		Litlar, votar spýjur féllu úr flestum giljum á Hvilftarströnd.
Þorfinnur	20.1.2023	58213	Fv / 2		Snjófloð féll í Þorfinni í Önundarfirði og yfir veginn út í Valþjófsdal.
Þorfinnur	10.2.2023	57913	Fv / 1		Spýja féll úr Þorfinni í Önundarfirði og yfir veg.
Ófæruhlíð	10.2.2023	57914	Fv / 1		Spýja féll í Ófæruhlíð í Önundarfirði.
Flateyri					
Miðhryggsgil	10.1.2023	57740	F / 3		Snjófloð féll úr Miðhryggsgili og stöðvaðist um 50 m ofan við veg. Snjófloðaratsjáin nam merkið.
Miðhryggsgil	26.1.2023	57844	K / 1		Krapafloð féll úr Miðhryggsgili í Önundarfirði.
Miðhryggsgil	5.2.2023	57869	Fv / 1,5		Vott snjófloð féll í Miðhryggsgili með upptök neðarlega í gili.
Miðhryggsgil	10/11.2.2023	57906	Lv / 1		Lítil spýja féll í Miðhryggsgili ofan við Flateyri.
Skollahvilft	19/20.3.2023	58041	F / 2,5		Snjófloð féll í Skollahvilft ofan Flateyrar.
Súgandafjörður					
Súgandafjörður sunnanverður	2.2.2023	57858	F / 2,5	- / 10 / 10	Tvö stór snjófloð féllu yfir veginn um Spilli í Súgandafirði.
Súgandafjörður	2/3.2.2023	57853	Lv / 1		Lítið snjófloð féll í Hrafnagili í Botni í Súgandafirði.
Bolungarvík, utan þéttbýlis					
Hlíð ofan Orkubús	20.1.2023	57770	Fv / 1		Lítil spýja féll í Erni í Bolungarvík.
Hádegisfjall - gil nr.3	20.1.2023	57771	Fv / 2		Snjófloð féll í Hádegisfjalli í Bolungarvík.
Hádegisfjall - gil nr.4	20.1.2023	57779	F / 1,5		Snjófloð féll í Hádegisfjalli í Bolungarvík.

Staður/farvegur	Dagsetning	Númer	Tegund/ stærð	Len/Br/Dýpt (m)	Aðrar upplýsingar
Hádegisfjall - gil nr.5	20.1.2023	57780	F / 1,5		Snjóflóð féll í Hádegisfjalli í Bolungarvík.
Mærðarhorn	20.1.2023	57783	L / 1		Lítið snjóflóð féll í Mærðarhorni í Bolungarvík.
Hádegisfjall - gil nr.1	2/3.2.2023	57851	Fv / 1		Lítill spýja féll í Hádegisfjalli í Bolungarvík.
Núpsskál	2/3.2.2023	57852	Fv / 1		Litlar spýjur féllu í Núpsskál í Bolungarvík.
Heiðnafjall	2/3.2.2023	57854	F / 2		Nokkur snjóflóð féllu í Heiðnafjalli í Bolungarvík.
Gil innan Hesthúsagils	11.2.2023	57905	Fv / 2		Vott flekaflóð féll í hlýindum úr gili innan Hesthúsagils í Erninum.
Syðridalur	23/24.2.2023	57978	Fv / 1		Margar spýjur féllu í Syðridal við Bolungarvík í hlýindum.
Hádegisfjall - gil nr.3	31.3.2023	58124	Lv / 1		Lítill vot spýja féll í Hádegisfjalli í Bolungarvík.
Hádegisfjall - gil nr.4	31.3.2023	58125	Lv / 1		Spýja féll í Hádegisfjalli.
Hnífsdalur					
Traðargil	26.1.2023	57843	K / 1		Krapaflóð féll í Traðargili, Hnífsdal.
Ísafjörður					
Innri-Kirkjubólshlíð	20.1.2023	57774	Fv / 2		Snjóflóð féll í Innri-Kirkjubólshlíð.
Ytri-Kirkjubólshlíð	20.1.2023	57775	Lv / 2		Snjóflóð féll í Ytri-Kirkjubólshlíð.
Fossahlíð	20.1.2023	57776	Lv / 1		Snjóflóð féll í Fossahlíð í Ísafirði.
Ytri-Kirkjubólshlíð	2.2.2023	57855	F / 2		Snjóflóð féllu í mörgum giljum í Kirkjubólshlíð.
Steiniðjugil	2.2.2023	57856	F / 2		Snjóflóð féll í Steiniðjugili.
Grænagarðsgil	2.2.2023	57857	F / 2		Snjóflóð féll í Grænagarðsgili.
Ytri-Kirkjubólshlíð	5.2.2023	57867	F / 1,5		Þrjú snjóflóð féllu í Kirkjubólshlíð.
Ytri-Kirkjubólshlíð	13.2.2023	57912	Fv / 1		Nokkrar spýjur féllu í Ytri-Kirkjubólshlíð í kjölfar hlýinda og rigningar.
Ytri-Kirkjubólshlíð	24.2.2023	57971	Lv / 1		Nokkrar spýjur féllu í Ytri-Kirkjubólshlíð.
Seljalandshlíð	24.2.2023	57979	Lv / 1		Nokkrar spýjur féllu í Seljalandshlíð á Ísafirði.

Staður/farvegur	Dagsetning	Númer	Tegund/ stærð	Len/Br/Dýpt (m)	Aðrar upplýsingar
Ofan flugstöðvar	24.2.2023	57980	Lv / 1		Nokkrar spýjur féllu ofan flugstöðvarinnar á Ísafirði.
Ytri-Kirkjubólshlíð 11	25.2.2023	57992	Lv / 1,5		Snjóflóð féll í Ytri-Kirkjubólshlíð.
Kistufell	25.3.2023	58047	F / 1,5	- / 40 / -	Vélsleði setti af stað flekaflóð undir Kistufelli á Seljalandsdal.
Ytri-Kirkjubólshlíð	31.3.2023	58117	Lv / 1		Nokkrar spýjur féllu í Kirkjubólshlíð.
Ytri-Kirkjubólshlíð	3.4.2023	58156	Fv / 1		Margar spýjur féllu í Ytri-Kirkjubólshlíð í Skutulsfirði.
Innri-Kirkjubólshlíð	3.4.2023	58157	Fv / 2		Nokkur snjóflóð féllu í Innri-Kirkjubólshlíð í Skutulsfirði.
Fossahlíð	3.4.2023	58158	Lv / 1,5		Lítil flóð féllu úr nokkrum giljum í Fossahlíð í Skutulsfirði.
Ísafjörður	6.4.2023	58172	Lv / 1		Þunnar spýjur féllu víða á svæðinu þegar sól tók að skína.
Sunnanvert Ísafjarðardjúp					
Súðavíkurhlíð, vegagerðarfarvegur 1	9.1.2023	57724	S / 2		Snjóflóð féll yfir veginn um Súðavíkurhlíð.
Súðavíkurhlíð, vegagerðarfarvegur 18	9.1.2023	57729	F / 2		Lítið snjóflóð féll í farvegi 18 á Súðavíkurhlíð.
Súðavíkurhlíð, utan byggðarinnar	7.2.2023	57872	S / 1		Snjóflóð féll í Súðavíkurhlíð.
Súðavíkurhlíð, vegagerðarfarvegur 13	7.2.2023	57873	S / 1		Spýja féll í farvegi 13 og stöðvaðist í rás. Vegur var á stigi 3 og lokaður.
Súðavíkurhlíð, vegagerðarfarvegur 15	7.2.2023	57874	S / 1		Spýja féll í farvegi 15 og stöðvaðist í rás. Vegur var á stigi 3 og lokaður.
Súðavíkurhlíð, vegagerðarfarvegur 1	7.2.2023	57871	S / 1		Snjóflóð féll í Súðavíkurhlíð.

Staður/farvegur	Dagsetning	Númer	Tegund/ stærð	Len/Br/Dýpt (m)	Aðrar upplýsingar
Súðavíkurhlíð, vegagerðarfarvegur 2	9.2.2023	57878	S / 2	- / 10 / 0.7	Snjóflóð féll yfir veg í farvegi 2 á Súðavíkurhlíð.
Súðavíkurhlíð, vegagerðarfarvegur 3	9.2.2023	57879	S / 2	- / 20 / 1	Snjóflóð féll yfir veg í farvegi 3 á Súðavíkurhlíð. .
Súðavíkurhlíð, vegagerðarfarvegur 4	9.2.2023	57880	S / 2		Snjóflóð féll í vegrás í farvegi 4 á Súðavíkurhlíð.
Súðavíkurhlíð, vegagerðarfarvegur 5	9.2.2023	57881	S / 2	- / 15 / 1	Snjóflóð féll yfir veg í farvegi 5 á Súðavíkurhlíð. Flóðið var 15 m breitt og 1 m þykkt á vegi. .
Súðavíkurhlíð, vegagerðarfarvegur 6	9.2.2023	57882	S / 2		Snjóflóð féll í rás í farvegum 6 og 7.
Súðavíkurhlíð, vegagerðarfarvegur 6	9.2.2023	57883	S / 2		Snjóflóð féll í rás í farvegum 6 og 7.
Súðavíkurhlíð, vegagerðarfarvegur 7	9.2.2023	57884	S / 2	- / 15 / 1.8	Snjóflóð féll á veg í farvegi 7 á Súðavíkurhlíð. Flóðið var 15 m breitt og 1.8 m þykkt.
Súðavíkurhlíð, vegagerðarfarvegur 8	9.2.2023	57885	S / 2	- / 20 / 1.8	Snjóflóð féll yfir veg í farvegi 8 á Súðavíkurhlíð. Flóðið var 20 m breitt og 1.8 m þykkt á vegi.
Súðavíkurhlíð, vegagerðarfarvegur 9	9.2.2023	57886	S / 2		Þrjú snjóflóð féllu í farvegum 9 til 10 og lentu í vegrás.
Súðavíkurhlíð, vegagerðarfarvegur 10	9.2.2023	57887	S / 2	- / 25 / 0.5	Snjóflóð féll í farveg 10 til 11 og fór yfir veg. Flóðið var 0,5 m þykkt og 25 m breitt.
Súðavíkurhlíð, vegagerðarfarvegur 12	9.2.2023	57888	S / 2		Snjóflóð féll í vegrás 12.
Súðavíkurhlíð, vegagerðarfarvegur 15	9.2.2023	57889	S / 2		Snjóflóð féll í farvegi 15 og lenti í rás.
Súðavíkurhlíð, vegagerðarfarvegur 17	9.2.2023	57890	S / 2		Snjóflóð féll í farveg 17 og lenti í rás.

Staður/farvegur	Dagsetning	Númer	Tegund/ stærð	Len/Br/Dýpt (m)	Aðrar upplýsingar
Súðavíkurhlíð, vegagerðarfarvegur 18	9.2.2023	57891	S / 2	- / 4 / 0.5	Snjóflóð féll í farvegi 18 og fór yfir veg.
Súðavíkurhlíð, vegagerðarfarvegur 19	9.2.2023	57892	S / 2	- / 10 / 1.5	Snjóflóð féll í farvegi 19 til 20. Það var 1.5 m þykkt og 10 m breitt á vegi.
Sunnanvert Ísafjarðardjúp	9.2.2023	57893	S / 2		Snjóflóð féll ofan við veg í sunnanverðu Ísafjarðardjúpi.
Sunnanvert Ísafjarðardjúp	9.2.2023	57894	S / 2		Snjóflóð féll ofan við veg í sunnanverðu Ísafjarðardjúpi.
Súðavíkurhlíð, vegagerðarfarvegur 20	10.2.2023	57896	S / 2		Snjóflóð féll í Súðavíkurhlíð og náði út á hálfan veginn.
Súðavíkurhlíð, vegagerðarfarvegur 20	11.2.2023	57897	S / 2		Snjóflóð féll í Súðavíkurhlíð.
Súðavíkurhlíð, vegagerðarfarvegur 20	11.2.2023	57903	S / 1,5		Snjóflóð féll í Súðavíkurhlíð. Flóðið stöðvaðist að mestu í vegrás en smá sletta náði út á veg.
Súðavíkurhlíð, vegagerðarfarvegur 17	11.2.2023	57917	S / 1,5		Snjóflóð féll á veg um Súðavíkurhlíð.
Súðavíkurhlíð, vegagerðarfarvegur 15	11.2.2023	57918	S / 1		Snjóflóð féll ofan Súðavíkurhlíðar og stöðvaðist í vegrás.
Hestfjörður	13.2.2023	57916	K	- / 60 / -	Krapaflóð féll úr Kotá og yfir veg í Hestfirði.
Hestfjörður	14.2.2023	57922	K	- / 100 / 1.5	Krapaflóð féll í Geitahvammsá í Hestfirði og yfir veg.
Strandir					
Staðardalur við Steingrímsfjörð	21–23.3.2023	58033	S / 2		Snjóflóð féll í Staðardal við Steingrímsfjörð.
Reykjarfjörður á Ströndum	25.3.2023	58161	S / 1,5		Tvö snjóflóð féllu í Reykjarfirði á Ströndum.
Húnavatnssýslur					
Laxárdalur	31.3.2023	58166	Fv / 2		Vélsleði setti af stað vott snjóflóð í Laxárdal vestan við Trölla í Skagafirði.

Staður/farvegur	Dagsetning	Númer	Tegund/ stærð	Len/Br/Dýpt (m)	Aðrar upplýsingar
Skagafjörður					
Skagafjörður	13/14.3.2023	58025	F / 2		Flekhlauþ féll norðantil í Tindastóli.
Tröllaskagi					
Unadalur	24.12.2022	57691	F / 3		Stórt flóð féll í Unadal og drap 15 hross.
Héðinsfjarðardalur	18./19.1.2023	57767	F / 2,5		Snjóflóð féll í fjallsrana milli Nautadals og Ólafsfjarðardals.
Almenningar	18./19.1.2023	57768	F / 1		Snjóflóð féll í Fljótunum, neðan við Siglufjarðarveg.
Siglufjarðarvegur við Sauðanes	22/23.2.2023	57952	F / 2		Snjóflóð féll ofan við Siglufjarðarveg, rétt vestan við Strákagöng, og náði að vegi.
Tröllaskagi	16.3.2023	58031	F / 2	- / 200 / 1	Snjóflóð féll úr Hólafjalli í Austur Fljótum í Molastaðadal.
Breiðafjall	1.4.2023	58159	F / 2,5	100 / 65 / -	Vélsleðamenn settu af stað þurrt flekaflóð féll úr Breiðafjalli í Fljótum.
Siglufjörður					
Fífladalagil	18–20.12.2022	57686	F / 1,5	- / 20 / -	Snjóflóð féll í Fífladalagili í Siglufirði.
Hvanneyrarskál, suðurhlíð	23.2.2023	57972	L / 1,5		Mörg lausaflóð féllu við Siglufjörð í öllum viðhorfum.
Hafnarhryna/Gimbrarklettur	23.2.2023	57973	L / 1		Mörg lausaflóð féllu við Siglufjörð í öllum viðhorfum.
Fífladalir og Skriðulækjargil	23.2.2023	57974	L / 1		Mörg lausaflóð féllu við Siglufjörð í öllum viðhorfum.
Strengsgil og Jörundarskál	23.2.2023	57975	L / 1,5		Mörg lausaflóð féllu í Siglufirði í öllum viðhorfum.
Sunnan Jörundarskálar	23.2.2023	57976	L / 1,5		Mörg lausaflóð féllu við Siglufjörð í öllum viðhorfum.
Grindagil	23.2.2023	57977	L / 1		Mörg lausaflóð féllu við Siglufjörð í öllum viðhorfum.
Gróuskarðsgil	23.2.2023	57981	F / 2		Snjóflóð féll í Gróuskarðsgili í Siglufirði.
Jörundarskál	23.2.2023	57982	L / 1,5		Nokkrar spýjur féllu í Jörundarskál og náðu ekki niður úr skálinni.

Staður/farvegur	Dagsetning	Númer	Tegund/ stærð	Len/Br/Dýpt (m)	Aðrar upplýsingar
Sunnan Fífladala	23.2.2023	57954	Lv / 2		Mörg snjóflóð féllu í Siglufirði.
Siglufjörður, utan þéttbýlis					
Hvítabergsgil	13/14.10.2022	57650	Lv / 1,5		Lítið snjóflóð féll í Hvítabergsgili.
Dísan	11.11.2022	57062	Lv / 2		Vott snjóflóð féll í Dísunni vegna hláku.
Dísan	1.1.2023	57709	F / 3		Snjóflóð féll í Dísunni í Siglufirði.
Nesskriður	12.1.2023	57755	F / 2		Snjóflóð féll í Nesskriðum í Siglufirði.
Klettahnjúkur (Skarðshnjúkur)	18.2.2023	57925	L / 1		Lítið snjóflóð féll í Klettahnjúki í Siglufirði.
Landsendi	20/21.2.2023	57942	F / 1	- / 6 / 2	Lítið snjóflóð féll austan við Strákagöng og náði inn á veg.
Snókur og Skjaldargil	23.2.2023	57958	L / 1,5		Snjóflóð féll undan klettum við Skjaldargil og Snók.
Snókur og Skjaldargil	23.2.2023	57959	Lv / 1,5		Margar spýjur féllu sunnan og norðan Skjaldargils.
Hvítabergsgil	23.2.2023	57968	Lv / 1,5		Spýjur féllu í Hvítabergsgili.
Norðan Siglufjarðarskarðs	23.2.2023	57983	Lv / 1,5		Nokkrar spýjur féllu í skálina norðan Siglufjarðarskarðs.
Klettahnjúkur (Skarðshnjúkur)	23.2.2023	57984	L / 2		Þrjú flóð náðu niður í rætur úr giljum og undan klettum við Klettahnjúk í Siglufirði.
Skútudalur, vestanverður	23.2.2023	57985	L / 1		Margar spýjur féllu inn alla hlíðina á Hólshyrnu.
Dísan	23.2.2023	57986	F / 1,5		Snjóflóð féllu undan klettum og úr giljum og stöðvuðust í miðri hlíð.
Pallahnjúkur	23.2.2023	57987	L / 1,5		Þrjár spýjur féllu úr klettum við Pallahnjúk í Siglufirði.
Hestskarð	23.2.2023	57988	L / 1,5		Lítið snjóflóð féll við Hestskarð í Siglufirði.
Hestskarðshnjúkur	23.2.2023	57989	L / 1,5		Margar spýjur féllu úr eggjum og undan klettum og náðu niður í fjallsrætur Hestskarðshnjúks.
Skollaskál	23.2.2023	57990	L / 1,5		Lítið lausaflóð féll í Skollaskál.

Staður/farvegur	Dagsetning	Númer	Tegund/ stærð	Len/Br/Dýpt (m)	Aðrar upplýsingar
Miðströnd	22/23.2.2023	57951	F / 2		Snjóflóð féll á Miðströnd í Siglufirði, skammt innan við Strákagöng, og náði að vegi.
Miðströnd	23.2.2023	58219	F / 1,5		Snjóflóð féll ofan við Siglufjarðarveg.
Hvanneyrarstönd	23.2.2023	57953	F / 2		Snjóflóð féll á Hvanneyrarströnd í Siglufirði.
Dísan	23.2.2023	59005	F / 1,5		Þurrt flekahlaup féll í Dísunni í Siglufirði.
Nesskriður	24.2.2023	57991	L / 1,5		Flóð féllu úr eggjum niður á brúnina ofan við Nesskriður.
Hólsdalur	24.3.2023	58059	F / 2,5	- / 250 / 2	Snjóflóð féll í Hólsdal.
Hestskarðshnjúkur	22–24.3.2023	58043	F / 4		Mjög stórt snjóflóð féll í Skútudal. Brotstálið náði frá Hestskarðshnjúk og inn eftir dalnum. Flóðið náði þvert yfir dalinn og upp í hlíðina hinum megin.
Norðan Siglufjarðarskarðs	5/6.4.2023	58176	Lv / 1		Margar, votar spýjur féllu úr klettum norðan Siglufjarðarskarðs og náðu niður miðja hlíðina.
Klettahnjúkur (Skarðshnjúkur)	5/6.4.2023	58177	Lv / 1		Margar, litlar spýjur féllu í Klettahnjúki.
Skollaskál	6.4.2023	58173	Lv / 1,5		Margar, litlar spýjur féllu í Skollaskál í Siglufirði.
Hestskarðshnjúkur	6.4.2023	58174	Lv / 1,5		Margar spýjur féllu við Hestskarðshnjúk í Siglufirði.
Dísan	6.4.2023	58175	Lv / 1,5		Margar litlar spýjur féllu í Skútudal í Siglufirði.
Norðan við Grashólabrún (gamli Stórsvigsbakki)	8.4.2023	58178	Lv / 1		Tvær spýjur féllu niður gilið norðan við Grashólabrún.
Hestskarð	15.4.2023	58192	Lv / 1,5		Vott lausaflóð féll úr Hestskarði í Siglufirði.
Pallahnjúkur	14/15.4.2023	58193	Lv / 1,5		Mörg lausaflóð féllu við Pallahnjúk í Siglufirði.
Skútudalur	2.5.2023	58216	Lv / 1,5		Nokkrar spýjur féllu í Skútudal.
Héðinsfjörður					
Héðinsfjörður	17.4.2023	58196	S / 2		Snjóflóð féll í um 900 m hæð í vesturvísandi hlíð í Héðinsfirði.

Staður/farvegur	Dagsetning	Númer	Tegund/ stærð	Len/Br/Dýpt (m)	Aðrar upplýsingar
Ólafsfjörður					
Ólafsfjörður, Tindaöxl	23.2.2023	57969	Lv / 1		Snjóflóð féll í Tindaöxl í Ólafsfirði.
Ólafsfjörður, utan þéttbýlis					
Ytrafjall	9.10.2022	57647	Lv / 1,5		Lítið snjóflóð féll í Ytráfjalli í Ólafsfirði.
Ytrafjall	9.10.2022	57648	Fv / 1,5		Lítið snjóflóð féll milli þriðja og fjórða gils innan við Hrafnaskál í Ólafsfirði.
Arnfinnsfjall	10/11.10.2022	57846	S / 1,5		Snjóflóð féll í Arnfinnsfjalli í Ólafsfirði.
Ósbrekkufjall 6b	11.10.2022	57646	Lv / 1		Smá spýja féll í Ósbrekkufjalli í hlýindum og smá rigningu.
Auðnahyrna	17.10.2022	57655	F / 1,5		Snjóflóð féll Auðnahyrnu vegna sólbráðar.
Arnfinnsfjall	17.10.2022	57656	L / 1		Töluvert af spýjum féll í Arnfinnsfjalli vegna sólbráðar á nýsnævi.
Burstabrekkudalur	24/25.12.2022	57715	F / 2		Snjóflóð féll í Burstabrekkudal í Ólafsfirði.
Lágheiði-austur	1/2.1.2023	57716	F / 2		Snjóflóð féll á Lágheiði.
Ósbrekkufjall 4	8.1.2023	57719	Fv / 2		Snjóflóð féll í Ósbrekkufjalli í Ólafsfirði.
Ósbrekkufjall 2	8.1.2023	57720	Fv / 2,5		Snjóflóð féll í Ósbrekkufjalli í Ólafsfirði.
Ósbrekkufjall 5	9.1.2023	57743	F / 2,5		Snjóflóð féll í Ósbrekkufjalli í Ólafsfirði.
Ósbrekkufjall 5b	9.1.2023	57744	F / 2		Snjóflóð féll í Ósbrekkufjalli í Ólafsfirði.
Ósbrekkufjall 8	9.1.2023	57745	F / 2,5		Snjóflóð féll í Ósbrekkufjalli í Ólafsfirði.
Þóroddsstaðafjall	9.1.2023	57746	F / 3		Snjóflóð af stærðinni 3 féll í Þóroddsstaðafjalli í Ólafsfirði í norðanáhlaupi.
Hrafnaskál	9.1.2023	57747	F / 2		Snjóflóð féll í Hrafnaskál í Ólafsfirði.
Ósbrekkufjall 5b	9.1.2023	57748	F / 2		Snjóflóð féll í Ósbrekkufjalli í Ólafsfirði.
Brimnesdalur, austur	9.1.2023	57754	F / 2		Snjóflóð féll í suðvesturhlíðum Múlakollu og niður í dalinn neðan við Gvendarskál.

Staður/farvegur	Dagsetning	Númer	Tegund/ stærð	Len/Br/Dýpt (m)	Aðrar upplýsingar
Kúhagagil	16/17.1.2023	57759	F / 1		Smá spýja féll undan klettum sunnan við Kúhagagil.
Ólafsfjörður, dreifbýli	18.1.2023	57766	F / 1		Hengjuhrun/fleki í leiðigarði ofan Hornbrekku.
Kúhagagil	20.1.2023	57772	F / 3		Snjóflóð féll í Kúhagagili í Ólafsfirði og dreifði úr sér ofan við vegskálann.
Rauðagil	20.1.2023	57773	F / 1		Lítið snjóflóð féll í Rauðagili í Ólafsfirði.
Bustabrekkudalur, austur	20.1.2023	57807	Fv / 2,5		Snjóflóð féll í Bustabrekkudal í Ólafsfirði.
Bustabrekkudalur, austur	20.1.2023	57808	Fv / 2		Snjóflóð féll í Bustabrekkudal í Ólafsfirði.
Brimnesdalur, austur	20.1.2023	57809	Fv / 2		Snjóflóð féll í Brimnesdal í Ólafsfirði í hvasaviðri og hlýindum.
Rauðagil	20.1.2023	57778	F / 2		Snjóflóð féll í Rauðagili í Ólafsfirði.
Ólafsfjörður, dreifbýli	20.1.2023	57831	Fv / 2,5		Snjóflóð féll í Skeggjabrekkudal í Ólafsfirði.
Ólafsfjörður, dreifbýli	22.1.2023	57822	F / 2		Tvö snjóflóð féllu í Skeggjabrekkudal í Ólafsfirði.
Ólafsfjörður, dreifbýli	22.1.2023	57823	F / 2		Tvö snjóflóð féllu í Skeggjabrekkudal í Ólafsfirði.
Árdalur	8.2.2023	57875	F / 2	60 / 20 / -	Sleðamaður setti af stað snjóflóð í Syðri-Árdal í Ólafsfirði. Fleki féll þegar brekka var þveruð, fleki rann á hörðu yfirborði.
Ósbrekkufjall 1	19/20.2.2023	57930	Fv / 1,5		Snjóflóð féll í Ósbrekkufjalli í Ólafsfirði.
Ytrafjall	19/20.2.2023	57931	Fv / 2,5		Snjóflóð féll í Ytrafjalli í Ólafsfirði.
Hrafnaskál	19/20.2.2023	57932	Fv / 2		Snjóflóð féll í Hrafnaskál í Ólafsfirði.
Ytrafjall	19/20.2.2023	57933	Fv / 2		Snjóflóð féll í Ytrafjalli í Ólafsfirði.
Rauðagil	19/20.2.2023	57934	Fv / 2		Snjóflóð féll í Rauðagili í Ólafsfirði.
Rauðagil	23.2.2023	57966	Fv / 1,5		Snjóflóð féll í Rauðagili í Ólafsfirði og stöðvaðist um 20 metra frá gamla veginum.
Ólafsfjörður, dreifbýli	24.2.2023	58221	Lv / 1,5		Nokkrar spýjur féllu þegar sól tók að skína á fjöllin.
Ósbrekkufjall 1	8.3.2023	57998	F / 1		Snjóflóð féll í Ósbrekkufjalli í Ólafsfirði.

Staður/farvegur	Dagsetning	Númer	Tegund/ stærð	Len/Br/Dýpt (m)	Aðrar upplýsingar
Ósbrekkufjall 1	8.3.2023	58000	F / 1,5		Snjóflóð féll í Ósbrekkufjalli í Ólafsfirði.
Ósbrekkufjall 2	8.3.2023	58001	F / 1,5		Snjóflóð féll í Ósbrekkufjalli í Ólafsfirði.
Ósbrekkufjall 5	8.3.2023	58002	F / 2		Snjóflóð féll í Ósbrekkufjalli í Ólafsfirði.
Ytrafjall	15.3.2023	58017	F / 3		Stórt snjóflóð féll í Ytrafjalli í Ólafsfirði, innan við Hrafnaskál.
Ytrafjall	15.3.2023	58018	F / 3		Stórt snjóflóð féll í Ytrafjalli í Ólafsfirði, innan við Hrafnaskál.
Skeggjabrekkudalur	15.3.2023	58019	F / 3		Stórt snjóflóð féll í Skeggjabrekkudal í Ólafsfirði.
Ósbrekkufjall 5	15.3.2023	58020	F / 2		Snjóflóð féll í Ósbrekkufjalli í Ólafsfirði.
Brimnesdalur	16.3.2023	58021	F / 2		Snjóflóð féll í Brimnesdal í Ólafsfirði.
Reykjadalur	16.3.2023	58024	F / 2		Vélsleði setti af stað snjóflóð í Reykjadal á Lágheiði.
Lágheiði-vestur	17.3.2023	58062	F / 2		Snjóflóð féll á Lágheiði.
Brimnesdalur, vestur	18.3.2023	58029	F / 3	- / 800 / 1	Nokkuð stórt snjóflóð féll í Kistufelli í Brimnesdal. Sjö manna hópur var á fjallaskíðum sem lenti í flóðinu. Einn úr hópnum slasaðist á fæti og annar hlaut minniháttar meiðsl.
Ósbrekkufjall 7	23.3.2023	58036	F / 3		Stórt snjóflóð féll í Ósbrekkufjalli í Ólafsfirði.
Ósbrekkufjall 1	23.3.2023	58037	F / 3		Stórt snjóflóð féll í Ósbrekkufjalli í Ólafsfirði og náði yfir veg.
Ósbrekkufjall 3	23/24.3.2023	58038	F / 2		Snjóflóð féll í Ósbrekkufjalli í Ólafsfirði.
Brimnesdalur, austur	23/24.3.2023	58039	F / 2,5		Snjóflóð féll í Brimnesdal í Ólafsfirði.
Bakkagil	22–24.3.2023	58040	F / 1,5		Lítið snjóflóð féll í Bakkagili.
Skeggjabrekkudalur	24.3.2023	58045	F / 3		Stórt flekahlaup féll í Skeggjabrekkudal í Ólafsfirði.
Skeggjabrekkudalur	24.3.2023	58046	F / 3		Stórt snjóflóð féll í Skeggjabrekkudal í Ólafsfirði.

Staður/farvegur	Dagsetning	Númer	Tegund/ stærð	Len/Br/Dýpt (m)	Aðrar upplýsingar
Bustabrekkudalur, vestur	25.3.2023	58050	F / 2,5		Menn á beltahjólum settu af stað snjóflóð með fjarbroti í Bustabrekkudal. Snjóflóðið féll um 20 m frá mönnunum.
Reykjadalur	25.3.2023	58051	F / 2,5		Menn á beltahjólum settu af stað snjóflóð í Ytrafjalli.
Ytrafjall	25.3.2023	58052	F / 2,5		Menn á beltahjólum settu af stað snjóflóð í Ytrafjalli.
Lágheiði-austur	25.3.2023	58068	F / 2	- / 100 / 0	Skíðamaður setti af stað snjóflóð í Kerlingarhyrnu í Fljótum.
Lágheiði-austur	26.3.2023	58060	F / 2,5	- / 500 / 4	Flekaflóð féll í Hreppsendasúlum.
Lágheiði-austur	31.3.2023	58165	Fv / 2		Vélsleði setti af stað vott snjóflóð í Hádegisfjalli á Lágheiði.
Ytrafjall	31.3.2023	58130	Fv / 2		Snjóflóð féll í Ytrafjalli í Ólafsfirði.
Lágheiði-austur	24–31.3.2023	58169	F / 2,5	- / 100 / 1	Snjóflóð féll undir Kerlingahnjúk á Lágheiði.
Lágheiði-austur	31.3.2023	58168	F / 2	- / 150 / 2	Vélsleðamaður setti af stað snjóflóð í Hádegisfjalli á Lágheiði.
Hrafnaskál	9.4.2023	58180	S / 1,5	- / 7 / 0.2	Skíðamaður setti af stað lítið snjóflóð í Hrafnaskál milli Ytrafjalls og Arnfinnsfjalls við Ólafsfjörð.
Skeggjabrekkudalur	17/18.4.2023	58195	Fv / 2	- / 40 / -	Snjóflóð féll í Skeggjabrekkudal í Ólafsfirði. Flekinn var um 40 m breiður og 50 cm þykkur og féll um 100 m vegalengd.
Dalvík og nágrenni					
Hólshyrna	8–10.10.2022	57667	F / 2		Snjóflóð féll neðarlega í Bæjarfjalli, undir Neðstuskál, féll stutt niður.
Ólafsfjarðarvegur farv. 38	9.10.2022	57654	Fv / 2		Snjóflóð féll ofan Ólafsfjarðarvegar og stöðvaðist um 30 m ofan við veg.
